



Fossvogsskóli – heildarmat á skólastarfi

Nóvember 2010
Menntasvið Reykjavíkur

Ritstjóri: Birna Sigurjónsdóttir

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Ásgeir Björgvinsson

Birna Sigurjónsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hildur Sigurðardóttir

Una B. Bjarnadóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Skólastarf	7
Námsárangur	7
Stjórnun	9
Skipulag skóladags	10
Samstarf við grenndarsamfélagið	10
Stefna og starfsáætlun	12
Nemendur og líðan	13
Stjórn nemendafélags	15
Reglur og agi	16
Viðvera nemenda	18
Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi	18
Upplýsingamiðlun og samskipti	21
Verklag	22
Fjölbreyttar leiðir í námi	22
Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna	24
Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir	24
Skóli án aðgreiningar - sérkennsla	26
Skólaþróun og mat	28
Virk upplýsingamiðlun	30
Skólanámskrá og námsáætlanir	30
Heimasíða	31
Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi	32
Mannauður	34
Starfsánægja og líðan á vinnustað	34
Samstarf	34
Aðbúnaður	35
Símenntun og starfsþróun	36
Viðhorf starfsmanna til stjórnunar	37
Viðvera starfsmanna	38
Fjármál	39
Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun	39
Fjárhagsleg staða skólans	39
Greining	40
Samantekt ábendinga	40
Heimildir	49
Fylgiskjöl	49

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Fossvogsskóla sem fram fór í september 2010. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat Menntasviðs. Fossvogsskóli var einn af sjö skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2010-2011. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Að börnum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf; laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Skólustjóri Fossvogsskóla er Óskar S. Einarsson. Í Fossvogsskóla eru 306 nemendur í 1.-7. bekk skólaárið 2010-2011. Um 101% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu hafa sótt skóla í Fossvogsskóla. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendum í Fossvogsskóla fækki heldur á næstu árum og þar verði um 318 nemendur árið 2014.

Í skólanum starfa 42 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 36,44 stöðugildum, þar af kennarar í 22,36 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 8,4 nemendur á hvert stöðugildi sem er aðeins fleiri en í borginni í heild að meðaltali (7,1). Ef aðeins er miðað við kennara í Fossvogsskóla eru 13,7 nemandi á hvert stöðugildi sem er aðeins fleiri en í borginni að meðaltali (11,3).

Kennsla hófst í Fossvogsskóla í október 1971, flestir voru nemendur 748 árið 1976 og fæstir 280 árið 1990. Á fyrstu árum skólans var gerð tilraun með opna kennsluhætti (Open School) og þar með vikið frá hefðbundnum reglum sem gilt höfðu um bekkjarkerfi á grunnskólastigi. Samþætting, aldursblöndun og samfelldur skóladagur voru veigamikil atriði. Mikil áhersla var lögð á samstarf og virkni innan kennarahópsins.

Árið 1989 hófst tilraun með heilsdagsskóla í Fossvogsskóla. Allir nemendur hófu nám að morgni og var skólinn þar með orðinn einsetinn. Bodið var upp á gæslu í skólanum fyrir yngri nemendur þannig að allir gætu verið í skólanum í jafn langan tíma á degi hverjum (Heimasíða Fossvogsskóla, saga skólans).

Skólahúsið var reist í þremur áföngum. Sá fyrsti 1970-1971, annar áfangi var byggður 1974-1976 og hýsir skrifstofur, heilsdagsskóla, mötuneyti og ýmsar sérgreinastofur. Þriðji áfangi var byggður 1998 – 1999. Í nýjustu byggingunni, Austurlandi, eru nemendur í 4.-7. bekk og einnig bókasafn og þrjár sérgreinastofur. Í elsta hluta hússins, Vesturlandi eru nemendur í 1.-3. Bekk með sínar heimastofur (Heimasíða Fossvogsskóla, saga skólans).

Heildarstærð skólans er um 3,860 m² án íþróttasalar.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um mat og eftirlit með gæðum skólastarfs er í 35.gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, þar segir: Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskóla eru að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum

Ákvæði um innra mat er í 36. gr. laganna, en þar segir: „Hver skóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.“

Nýtt ákvæði um ytra mat sveitarfélaga er í 37. gr., þar segir: „Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr., og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólustefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu leitast við að fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi.“

Um ytra mat menntamálaráðuneytis er fjallað í 38. gr., þar segir m.a.: „Menntamálaráðuneyti annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun. Menntamálaráðuneyti gerir áætlun til þriggja ára um kannanir og úttektir sem miða að því að veita upplýsingar um framkvæmd laga þessara og aðalnámskrár grunnskóla og aðra þætti skólastarfs. ...“

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur heildarmats á Menntasviði til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra. Alls hefur heildarmat farið fram í 20 grunnskólum í Reykjavík á árunum 2007-2010. Áætlað er að heildarmat fari fram í 7 grunnskólum á skólaárinu 2010-2011.

Markmið heildarmats

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex til sjö vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|-------------------------------------------------------------------|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |

- Skýrsluskil – formleg vika 6
- Upplýsingar til menntaráðs í lok annar

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara, fundur með fulltrúum foreldra, fundur með stjórn nemendafélags
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar (tveir til þrír hópar), annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir til þrír hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:
 - Skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins þ.m.t.:
 - Skipurit og starfslýsingar
 - Mannréttindaáætlun
 - Áætlun um foreldrasamstarf
 - Áætlun um starf nemendafélags
 - Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir síðustu heila önn
 - Sjálfsmatskýrslu og umbótaáætlun
 - Heimasíðu skólans
 - Stundaskrár bekkja/árganga 2010-2011 (eins og þær eru afhentar nemendum)
 - Yfirlit yfir valgreinar (kenndar á skólaárinu)
 - Kennsluáætlanir 2010-2011 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
 - Sýnishorn af námsmatsblöðum fyrir öll stig
 - Símenntunaráætlun skólans
 - Upplýsingar um öryggisþætti og áhættumat
 - Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
 - Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með fræðslustjóra. Þeir fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Fundað með skólastjórnendum og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til fræðslustjóra.

Frekari eftirfylgni:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.


Skýrslan er vinnuskjal skólans, en skólar eru hvattir til að birta hana á heimasíðu.

Skólastarf


Námsárangur

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk Fossvogsskóla vorið 2010 og var niðurstaða þess að 81% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík var um 67%.



Meðalárangur nemenda í 2. bekk Fossvogsskóla var 79% sem er yfir meðalárangri allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu (72%). Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2009 var Fossvogsskóli með meðalárangurinn 71% og þá gátu 77% nemenda lesið sér til gagns.




¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

Ábendingar

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (79% miðað við 72% í borginni allri) og hærra hlutfall nemenda í Fossvogsskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (81% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (71%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (81% miðað við 77% árið áður).

Stærðfræðiskimunin Talnalykill var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í 31 grunnskóla Reykjavíkur í nóvember 2009. Meðalárangur nemenda í Fossvogsskóla það ár í fyrsta þrepi, sem er þátturinn reikningur og aðgerðir, var mælitalan 11.2 sem er betri árangur en meðaltal allra grunnskólanna en það var 10,7. Í Fossvogsskóla stóðust 70% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins þrír nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.



Ábendingar

- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Fossvogsskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.2 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Fossvogsskóla stóðust 70% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins þrír nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.

Samræmd könnunarpróf – framfarastuðull²

Meðaltalsárangur nemenda í Fossvogsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk haustið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.

Meðaltalsárangur í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk var 35,1³ í íslensku (meðaltal í Reykjavík 29,7) og 34,7 í stærðfræði (meðaltal í Reykjavík 32,9).

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærra benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

³ Normaldreifð einkunn á kvarðanum 0-60 þar sem meðaltalsárangur yfir landið er 30.

Meðaltalsárangur í 7. bekk haustið 2009 var 32,6 í íslensku (meðaltal í Reykjavík 31,3) og 31,8 í stærðfræði (meðaltal í Reykjavík 31).

Framfarastuðull nemenda í 7. bekk Fossvogsskóla 2009 er 1,01 í íslensku sem teljast venjulegar framfarir nemenda og í stærðfræði 1,00 sem einnig teljast venjulegar framfarir nemenda (Skýrsla um samræmd könnunarpróf. 2009).

Ábendingar

- Meðaltalsárangur nemenda í Fossvogsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk haustið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðlar nemenda í íslensku (1.01) og stærðfræði (1.00) í 7. bekk 2009 sýna venjulegar framfarir nemenda.

Stjórnun

Skólastjóri og þrjú deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans og er þetta þriðja árið sem það er þannig skipað. Einn deildarstjóranna er í 100% starfi, hann er staðgengill skólastjóra, tengist miðstiginu, sér um forföll og stýrir og heldur utan um ýmis verkefni, s.s. Grænfánaverkefni. Deildarstjóri yngsta stigs er í hálfu starfi sem stjórnandi og hálfu sem kennari, hún heldur m.a. utan um verkefnið *Uppeldi til ábyrgðar* og stjórnar því ásamt þroskaþjálfara. Deildarstjóri sérkennslu er í um 60% starfi og sér um skipulag sérkennslunnar og ráðgjöf við kennara.

Skipurit skólans kemur ekki fram í starfsáætlun né á heimasíðu og starfslýsingar liggja ekki fyrir þegar mat fer fram. Í starfsáætlun er vísað í að verkaskipting stjórnenda sé samkvæmt starfslýsingum en ekki kemur fram hvar þær eru birtar.

Skólastjóri leggur mikla áherslu á að nemendum líði vel í skólanum og hann hefur haft forgöngu um að innleiða ýmis verkefni sem tengjast hreyfingu og útivist. Hann telur að hreyfingin tengist bæði vellíðan og árangri í námi.

Stjórnendateymið á fundatíma saman einu sinni í viku en fyrir kemur að þeir fundir vikja fyrir öðrum verkefnum sem kalla að, „þetta eru nauðsynlegir fundir en við höldum þeim ekki alltaf til streitu“, segir skólastjóri. Á þessum fundum fara þau yfir vikuna framundan til að samræma sig og fara yfir verkaskiptinguna. Auk þess er mikið óformlegt samstarf og stjórnendur ræða saman á hverjum degi.

Deildarstjórar yngra og eldra stigs stýra stigsfundum með kennurum á stiginu einu sinni í mánuði, svokölluðum „landafundum“, en þar hittast allir kennarar sem kenna saman í húsi, Austurlandi annars vegar og Vesturlandi hins vegar. Á fundunum er farið yfir starfið framundan, viðburði í skólastarfinu og valsvæðin eru gjarnan til umræðu en þar blandast nemendahóparnir í verkefnum. Rituð er fundargerð sem er aðgengileg á sameign.

Deildarstjóri sérkennslu sér um skipulag sérkennslunnar, raðar tímum og verkefnum á kennara og stuðningsfulltrúa og heldur utan um nemendur sem njóta stuðnings og sérkennslu samkvæmt yfirliti sem uppfært er á hverju ári. Hún fundar einstaklingslega með sérkennurum eftir þörfum.

Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,2 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0). Í rýnihópi foreldra kemur fram að samvinna við stjórnendur skólans sé almennt góð og þeim finnst vera hlustað á foreldra, en segja jafnframt að erfitt sé að koma með gagnrýni.

Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur mjög góð, og segja þá vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi. Deildarstjórar eru nefndir sérstaklega og sagðir styðja vel við kennara, vera duglegir að hrósa og alltaf til taks þegar kennarar þurfa á að halda. Nemendur eru mjög ánægðir með skólastjórnann, „hann er rólegur“ og hann „skammar ekki heldur talar við krakkana“.

Skólastjóri gerir sér far um að heimsækja bekk, en segist þó gera minna af því en hann vildi vegna annarra aðkallandi verkefna. Nemendur tala um að hann komi í heimsókn í stofurnar af ýmsum tilefnum.

Fastir fundartímar eru þrisvar í viku, starfsmannafundir eru á þriðjudögum einu sinni í mánuði og á móti þeim svokallaðir „landafundir“ eða fundir eldra og yngra stígs. Á miðvikudögum eru árgangafundir, svokallaðir „heilagir fundir“, þá hittast kennara sem kenna saman í árgangi og aðrir kennarar eru til taks og á fimmtudögum er frátekinn tími í vinnuramma fyrir fundi um þróunarstarf, kynningar og gesti.

Skipulag skóladags

Skóladagur nemenda í 5.-7. bekk hefst með kennslu kl. 8:10 en kl. 9:00 hjá 1.-4. bekk. Skóladegi lýkur kl.14:10. Skólinn opnar kl. 07:50 og geta foreldrar sem á þurfa að halda því áfram sent börn sín í skólann frá þeim tíma í svokallaða Morgunstud. Frímínútur eru í 10 mínútur milli 1. og 2. stundar og í 20 mínútur milli 3. og 4. stundar. Matarhlé og frímínútur í hádegi eru í 50 mínútur frá 12:00-12:50 nema hjá 1. bekk sem eru í mat kl. 11:40 og frímínútum til 12:30.

Skólaáætlun voru stundatöflur bekkja og hópa. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar og á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar. Skóladagurinn er skipulagður þannig að í 5.-7. bekk byrjar dagurinn á 40 mínútna tíma og 10 mínútna frímínútum en síðan er kennt er í 80 mínútna lotum hjá öllum árgöngum. Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir. Sundtímar falla inn í töflu og er það breyting frá því sem áður var.

Samstarf við grenndarsamfélagið

Í starfsáætlun skólans er kafli um samstarf skólans við grenndarsamfélagið. Þar kemur m.a. fram að skipulegt samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir eru skipulagðar milli skólans og leikskólanna auk þess sem nemendur eins leikskólans sem næstur er hafa afnot af leikfimisal skólans einu sinni í viku. Skil á upplýsingum milli skólastiganna fara m.a. fram á fundi að vori þar sem stjórnendur skólans og leikskólakennarar hittast.

Nokkuð samstarf er milli grunnskólanna í hverfinu, stjórnendur hittast á sameiginlegum fundum og eru í góðu sambandi að sögn skólastjóra, „en það mætti vera meira“. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í Réttarholtsskóla sem er safnskóli fyrir barnaskólana tvo í hverfinu og nemendur Réttarholtsskóla koma í Fossvogsskóla og kynna skólann (Starfsáætlun Fossvogsskóla, grenndarsamfélagið).

Samstarf er við kirkjuna um jólaundirbúning og flytja nemendur helgileik í kirkjunni síðasta sunnudag í aðventu. Nemendur af miðstigi spila félagsvist eða bingó með öldruðum í kirkjunni einu sinni á vetri. Sóknarpresturinn situr í áfallaráði skólans (sama).

Skólinn á fulltrúa í íbúahverfafélaginu *Betra líf í Bústaðahverfi* ásamt kirkjunni, íþróttafélaginu, skátunum og hverfalögreglu. Markmið félagsins er að hlúa að og bæta mannlífið í hverfinu (sama).

Samstarf er við íþróttafélagið Víking m.a. um íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 6-9 ára og er kennt í íþróttasal skólans (sama)

Ábendingar

- Skólastjóri og þrír deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans og er þetta þriðja árið sem það er þannig skipað.
- Skipurit skólans kemur ekki fram í starfsáætlun fyrir 2010-2011. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn skólans liggja ekki fyrir við matið.
- Einn deildarstjóranna er í 100% stjórnunarstarfi, hann er staðgengill skólastjóra, deildarstjóri sérkennslu er í 60% starfi og deildarstjóri yngra stigs í 50% starfi sem stjórnandi og 50% sem kennari.
- Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til að fara yfir skipulag og verkaskiptingu.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,2 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að samvinna við stjórnendur skólans sé almennt góð og þeim finnst vera hlustað á foreldra.
- Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur mjög góð, og segja þá vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi.
- Deildarstjórar eru nefndir sérstaklega og sagðir styðja vel við kennara, vera duglegir að hrósa og alltaf til taks þegar kennarar þurfa á að halda.
- Frátekinn tími fyrir fasta fundi er þrisvar í viku, á þá tíma raðast starfsmannafundir, „landafundir“, árgangafundir og þróunar- eða kynningafundir. Viðvera starfsmanna er bundin á þessum tíma þegar ekki er boðað til funda.
- Skóladagur nemenda í 5.-7. bekk hefst með kennslu kl. 8:10 en kl. 9:00 hjá 1.-4. bekk. Skóladegi lýkur kl.14:10. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar og á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir. Sundtímar falla inn í töflu og er það breyting frá því sem áður var.
- Skipulegt samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir.
- Nokkuð samstarf er milli grunnskólanna í hverfinu, stjórnendur hittast á sameiginlegum fundum og eru í góðu sambandi að sögn skólastjóra, „en það mætti vera meira“. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í Réttarholtsskóla sem er safnskóli fyrir barnaskólana tvo í hverfinu og nemendur þaðan koma í Fossvogsskóla og kynna skólann.
- Samstarf er við kirkjuna, íþróttafélagið Víking og íbúasamtök í hverfinu og er gerð grein fyrir því í starfsáætlun skólans.

Stefna og starfsáætlun

Starfsáætlun Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.

Stefna Fossvogsskóla er sett fram í starfsáætlun skólans. Þar kemur fram að stefnan hefur verið sett í stefnukort og tekur mið af framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf 2007-2020 sem unnin var á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umræða fór fram meðal starfsmanna skólans um stefnuna, hlutverk skólans var skilgreint svo og sérstaða skólans, mótuð framtíðarsýn og einkunnarorð.

Hlutverk Fossvogsskóla er að búa nemendur sem best undir lífið, þannig að hæfileikar þeirra nýtist og verði þeim til farsældar.

Sérstaða: Fjölbreytt og skapandi nám. Grænn skóli. Félagsleg hæfni nemanda. Lýðheilsa

Framtíðarsýn2012

- Fossvogsskóli mun útskrifa nemendur sem leggja metnað sinn í að ná sem bestum árangri.
- Fossvogsskóli mun leggja áherslu á að nemendur viti að sjálfsagi, framsækni og vinátta er farsælt veganesti til framtíðar: Hvernig manneskja vil ég vera?
- Fossvogsskóli verður í fararbroddi í lýðheilsu- og umhverfismálum.
- Fossvogsskóli mun vera þekktur fyrir örugga skólalóð og hlýlegt umhverfi úti sem inni.
- Fossvogsskóli leggur sig fram við að bjóða upp á fjölbreytt og skapandi nám.
- Fossvogsskóli mun með hlýlegu umhverfi og alúðlegu viðmóti láta starfsfólk sitt finna fyrir umhyggju, kærleik og virðingu.

Einkunnarorð Fossvogsskóla

... vertu til að leggja hönd á plóg ...

- Í þeim felst kraftur, hvatning og samvinna.
- Við tökum höndum saman leysum verkefni af metnaði og höfum í huga hvað er okkur til farsældar (Starfsáætlun. Stefna skólans).

Í stefnukorti Fossvogsskóla eru sett fram markmið undir fjórum víddum; skólasamfélag, innra starf, mannauður og fjármál. Undir skólasamfélaginu eru markmiðin: Nemendur upplifi öryggi og líði vel í skólanum, nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir, öflugt samstarf milli foreldra og heimila og metnaðarfullir nemendur. Undir innri ferlum eru markmiðin: Nám við hæfi hvers og eins, öflugt samstarf starfsfólksins, markviss stjórnun og skilvirk upplýsingamiðlun, áhersla á umhverfis- og lýðheilsu markmið og fagleg og árangursrík kennsla. Undir mannauði eru markmiðin: Ánægðir starfsmenn, vel menntað og hæfileikaríkt starfsfólk með fjölbreytta faglega þekkingu og öflug símenntun. Undir fjármálum eru markmiðin: Góð og hagkvæm nýting fjármuna og stuðla að vistvænum rekstri.

Í Fossvogsskóla hafa starfsmenn þróað einstaklingsmiðað nám í anda opna skólans sem á sér sögu frá upphafi skólans. Áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins. Sambærilegir kennsluhættir eiga sér beina samsvörun í stefnu Reykjavíkurborgar - framtíðarsýn. Í stefnu Reykjavíkurborgar segir um einstaklingsmiðað nám að því sé náð með fjölbreyttum starfsháttum, nemendur setji sér markmið og geri áætlanir. Einnig er lögð áhersla á samvinnu, samkennslu og þemanám og að verkefni taki mið af áhuga og stöðu nemanda (Starfsáætlun. Einstaklingsmiðað nám).

Sérstaða skólans er tilgreind í sérstökum kafla í starfsáætlun, þar er fjallað um ýmsa þætti sem einkenna opna skólann, s.s. heimakrók í hverri stofu sem er athvarf hópans, bæði samverustaður og kennslustaður, einnig um valsvæði þar sem nemendum er blandað í hópa og vinna saman að margbreytilegum verkefnum, salur/samverustund/söngstund er vikulegur og hver hópur undirbýr sal tvisvar til þrisvar á vetri, þar þjálfast nemendur í að koma fram, tjá sig

og túlka á sviði í áheyrn annarra. Heildarverkefni eru fastur liður í skólastarfi þar sem allir nemendur fást við sama verkefnið, námsgreinar eru samþættar og skólinn verður eins og ein vinnustofa.

Mikil áhersla hefur verið lögð á umhverfis- og lýðheilsuáttal og skólinn fékk nýverið Grænfánann í fimmta sinn, fyrst árið 2002 og síðan í hvert skipti sem sótt hefur verið um á tveggja ára fresti. Útikennsla markar einnig sérstöðu skólans. Um þessa þætti er ítarlega fjallað í starfsáætlun 2010-2011.

Skólinn er þátttakandi í rannsókninni Starfshættir í grunnskólum, í spurningakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn Fossvogsskóla í júní 2010 sem hluti af rannsókninni⁴ var m.a. spurt um hvort kennarar telja framtíðarsýn skólans hafa áhrif á skólastarfið, 85% eru því frekar, mjög eða algjörlega sammála sem er hærra hlutfall en að meðaltali í öðrum skólum þar sem könnunin var lögð fyrir (72,8%). Hærra hlutfall telur að framtíðarsýn sé mótuð af stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki (61,6% frekar, mjög eða algjörlega sammála) en í öðrum skólum (49,7%). Heldur lægra hlutfall telur að framtíðarsýn sé mótuð af stjórnendum, fyrst og fremst (34,6% frekar, mjög eða algjörlega sammála) en í öðrum skólum (37,1%).

Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu um opinn skóla og einstaklingsmiðað nám en segja jafnframt að kynna þurfi hugmyndafræðina um opinn skóla betur og hvað í henni felst, sérstaklega fyrir nýjum foreldrum. Það sjónarmið kemur einnig fram í rýnihópnum að einstaklingsmiðað nám eða nám við hæfi sé ekki fyrir hendi í skólanum.

Ábendingar

- Starfsáætlun Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna Fossvogsskóla er sett fram í starfsáætlun skólans. Skilgreint er hlutverk Fossvogsskóla; að búa nemendur sem best undir lífið, þannig að hæfileikar þeirra nýtist og verði þeim til farsældar.
- Sérstaða skólans er: Fjölbreytt og skapandi nám. Grænn skóli. Félagsleg hæfni nemanda. Lýðheilsa. Framtíðarsýn er sett fram til 2012 og einkunnarorð Fossvogsskóla eru: ... vertu til að leggja hönd á plóg ...
- Í spurningakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn Fossvogsskóla í júní 2010 var m.a. spurt um hvort kennarar telja framtíðarsýn skólans hafa áhrif á skólastarfið, 85% eru því frekar, mjög eða algjörlega sammála.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu um opinn skóla og einstaklingsmiðað nám en segja jafnframt að kynna þurfi hugmyndafræðina um opinn skóla betur og hvað í henni felst, sérstaklega fyrir nýjum foreldrum.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Fossvogsskóla sú að

⁴ Svörun í Fossvogsskóla var 90%, alls svöruðu könnuninni 630 einstaklingar í 20 grunnskólum. Svör Fossvogsskóla eru borin saman við heildina. Upplýsingar um niðurstöður eru fengnar frá skólastjóra Fossvogsskóla.

86.8% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).

Skólinn er þátttakandi í Skólapúlsinum, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Niðurstöður um stöðu nemenda í 6.-10. bekk eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum í landsins.⁵

Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-7. bekk Fossvogsskóla í apríl 2010 hefur ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði aukist lítillega frá síðustu mælingu í febrúar. Spurningar er varða líðan nemenda; um , stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en áður og sömuleiðis spurning um einelti. Einnig koma spurningar sem varða skóla- og bekkjaranda betur út en áður. Frá könnun í febrúar er mesta breytingin á virkri þátttöku nemenda í tímum (+1.17 sem telst töluverð breyting til hins betra).

Foreldrarnir í Fossvogsskóla meta líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast* vel og reyndar rúmlega það. Líðan í kennslustundum meta foreldrarnir einnig uppá 4,3 og í frímínútum uppá 4,2. Hér eru gildin í skólanum hærri eða jafnhá og þau voru árið 2008 auk þess sem þau eru hærri en í borginni allri en þar eru samsvarandi meðaltöl 4,1, 4,1 og 4,0 (Foreldrakönnun 2010).

Starfsmenn í rýnihópi telja að börnunum líði vel í skólanum, viðhorf til þeirra sé jákvætt og einkennist af kærleika og virðingu.

Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti. Eineltisteymi er starfandi við skólann og er hlutverk þess að veita kennurum stuðning við úrlausn eineltismála. Unnið er eftir áætlun um varnir gegn einelti samkvæmt kerfi Olweusar (Starfsáætlun Fossvogsskóla).

Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-7. bekk kemur fram að 5,2% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (2,7%) en stráka (7,5%). Dregið hefur verulega úr einelti frá fyrra ári meðal beggja kynja. Engir nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti í hálf tveimur eða lengur. Einelti á sér helst stað á skólalóðinni og í stofu þegar kennari er ekki við.

Af 74 foreldrum í Fossvogsskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja ellefu eða 15%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. Af þessum ellefu foreldrum svöruðu tíu spurningu um hvernig skólinn hefði að þeirra mati brugðist við eineltinu. Átta þeirra (80%) sögðu að *vel en ekki nógu fljótt* hefði verið tekið á málum af hendi skólans og hinir tveir (20%) sögðu að skólinn hefði tekið *fljótt og vel* á málum. Niðurstaðan í skólanum varðandi viðbrögðin er betri en niðurstaðan í borginni því þar svaraði þriðjungur að *skólinn hefði ekki tekið á málinu*. Foreldrar í rýnihópi nefna að bæta þurfi „hvernig tekið er á því þegar upp kemur einelti“.

Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði ágætlega í skólanum og halda að öðrum líði líka vel, en þó „mismunandi“, þeim finnst þau líka örugg í skólanum. Þau telja að það sé lítið um

⁵ Upplýsingar sóttar á vef verkefnisins, www.skolapulsinn.is 8. janúar 2009.

einelti nú, en var meira áður og þau tengja það ákveðnum árgangi. Ef einelti kemur upp er tekið á því, segja þau, einn nemandi nefnir bekkjarfundi þar sem rætt er um líðan og samskipti.

Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru fínir, sumir strangir en „hjálpa líka mikið“.

Ábendingar

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Fossvogsskóla sú að 86.8% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólaláttamálsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-7. bekk Fossvogsskóla í apríl 2010 hefur ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði aukist lítillega frá síðustu mælingu í febrúar. Spurningar er varða líðan nemenda; um sjálfsálit stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en áður og sömuleiðis spurning um einelti. Einnig koma spurningar sem varða skóla- og bekkjaranda betur út en áður.
- Foreldrar barna í Fossvogsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-7. bekk kemur fram að 5,2% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (2,7%) en stráka (7,5%). Dreigið hefur verulega úr einelti frá fyrra ári meðal beggja kynja.
- Engir nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti í ár eða lengur.
- Af 74 foreldrum í Fossvogsskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja ellefu eða 15%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði ágætlega í skólanum og telja sig örugg og halda að öðrum líði líka vel, en þó „mismunandi“.
- Nemendur telja að það sé lítið um einelti nú, en var meira áður og þau tengja það ákveðnum árgangi. Ef einelti kemur upp er tekið á því, segja þau.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru fínir, sumir strangir en „hjálpa líka mikið“.

Stjórn nemendafélags

Í stjórn nemendafélags sitja átta fulltrúar úr 6. og 7. bekk, tveir úr hverjum hópi; fjórir aðalmenn og jafnmargir varamenn. Kjör fulltrúa fer þannig fram að nemendur í 6. bekk kjósa sína fulltrúa með því að skrifa nafn þeirra á miða eftir að nemendur hafa fengið tækifæri til að lýsa yfir áhuga á setu í ráðinu. Samkvæmt upplýsingum frá nemendum eiga þeir sem kjörnir eru í 6. bekk að sitja áfram í ráðinu í 7. bekk, þannig að kosið er til tveggja ára. Áður en kosið er fá fulltrúar upplýsingar frá kennara um það hvaða hlutverki fulltrúar í stjórn nemendafélags gegna.

Einn kennari hefur umsjón með starfi nemendafélagsins. Ekki er formlegt samstarf á milli ÍTR og stjórnar nemendafélagsins, starfsmaður ÍTR situr ekki fundi stjórnarinnar en

nemendur hafa samstarf við aðra skóla í hverfinu í gegnum svokallað Bústaðaráð. Deildarstjóri í skólanum hefur stundum komið á fundi ráðsins. Fastir fundartímar eru hálfsmánaðarlega fyrir aðalmenn, annan hvern þriðjudag, ein kennslustund í senn. Varamenn koma inn fyrir aðalmenn eftir þörfum. Verkum er ekki skipt með formlegum hætti innan ráðsins og enginn formaður er í ráðinu. Dagskrá er ekki send út fyrir fundina en félagsgreinakennari heldur utan um fundargerð. Nemendafélagið setti sér lög síðasta vetur; *Lög Nemendafélagsins Fossó, NFF* en skólinn fékk aðstoð frá Ártúnsskóla við að skipuleggja starf nemendafélagsins.

Fulltrúar heildarmats sátu fyrsta fund stjórnarinnar á þessum vetri; aðalfund félagsins sem skv. lögum félagsins skal halda í september ár hvert. Kennari setti fundinn og las upp lög félagsins. Spurt var hvort nemendurnir vildu sjá hlutverk félagsins meira en tilgreint væri í lögunum, hægt væri að breyta þeim. Nemendur voru beðnir um að koma með hugmyndir að viðburðum í vetur. Ýmislegt var nefnt; hjóladagur, og böll með íþróttapema, nördapema, stærðfræðipema og svo framvegis. Nemendur voru hvattir til að vera opnir og jákvæðir gagnvart hugmyndum annarra.

Það kom fram að fjöldi balla var fyrirfram ákveðinn og vildu nemendur hafa fleiri böll og jafnvel að gista í skólanum í miðri viku. Kennari tók vel í þessar hugmyndir. Nemendurnir voru misvirkir á fundinum, þau sem eru yngri höfðu sig minna í frammi. Nemendur virtust ekki gera sér vel grein fyrir til hve langs tíma þau eru kjörin í stjórn nemendafélags.

Tveir fulltrúar úr stjórn nemendafélagsins sitja í skólaráði, einn úr hvorum árgangi (6. og 7. bekk). Seta í skólaráði skiptist á milli nemenda og er til árs í senn. Að sögn nemenda velur skólastjóri nemendur í skólaráð. Rætt var um reynslu nemenda af setu í skólaráði. Nemandi sem sat sem 6. bekkjar fulltrúi á sl. skólaári sagðist ekki hafa haft sig mikið í frammi á fundunum, minna heldur en fulltrúinn úr 7. bekk. Reglur varðandi val og hlutverk nemenda í skólaráði virtust ekki skýrar fyrir nemendum.

Ábendingar

- Stjórn nemendafélags Fossvogsskóla er skipuð fulltrúum nemenda úr 6. og 7. bekk og fer kjör fram í 6. bekk og situr hver fulltrúi í tvö ár. Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa í ráðið í báðum árgöngum.
- Verkum er ekki skipt með formlegum hætti milli fulltrúa ráðsins; hvorki er formaður né ritari.
- Stjórnin skipuleggur viðburði í félagslífi nemenda í 6. og 7. bekk.
- Fulltrúar í ráðinu virðast ekki nægilega meðvitaðir um reglur varðandi kjör þeirra og fleira er tengist starfi þeirra í stjórn nemendafélagsins.
- Seta í skólaráði skiptist á milli nemenda og er til árs í senn. Að sögn nemenda velur skólastjóri nemendur í skólaráð, en í 3. gr. reglugerðar um skólaráð skulu þeir kjörnir af nemendum, þar sem einnig er kveðið á um að seta fulltrúa í ráðinu eigi að vera til tveggja ára.

Reglur og agi

Fossvogsskóli vinnur eftir *Uppeldi til ábyrgðar*, heildarstefnu um bekkjarstjórnun, hegðun nemenda og vinnubrögð kennara. Það felur m.a. í sér að reglum er breytt í hlutverk með þeim rökum að skýr hlutverkaskipting gefi aukið öryggi og dragi úr hættu á að ágreiningur vindi upp á sig. Áhersla er lögð á að nemandinn læri af mistökum sínum og fái tækifæri til að bæta fyrir þau. Tekið er fram að foreldrar fái ávallt að vita verði viðurlögum beitt.

Ásættanleg hegðun er skilgreind í sjö liðum og lýst er stuttu inngrípi ásamt ferli sem umsjónarkennari beitir þegar nemandi fer ekki eftir hlutverki sínu. Óásættanleg hegðun er einnig skilgreind og viðbrögð við því þegar nemandi fer yfir skýr mörk.

Loks eru skilgreind hlutverk starfsfólks og nemenda í ólíkum aðstæðum í skólanum. Fram kemur að starfsfólk og nemendur hafi komið sér saman um þessi hlutverk. Í upphafi skólaárs er unninn bekkjarsáttmáli í hverjum hópi. Þeirri vinnu lýkur með að allir nemendur skrifa undir sáttmálann (Starfsáætlun. *Uppeldi til ábyrgðar*).

Lýsingar á ásættanlegri hegðun og hlutverkum kennara og nemenda í ólíkum aðstæðum uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008 (sjá fylgiskjal: Gátlisti um skólareglur). Bent er á að draga þarf enn skýrar fram í starfsáætlun og á heimasíðu að lýsingar á æskilegri hegðun og hlutverkum jafngilda skólareglum.

Fram kemur í rýnihópi kennara og rýnihópi starfsmanna að þeir telja *Uppeldi til ábyrgðar* gott kerfi og virka betur en umbunarkerfið sem áður var, kerfið er „að skila sér til krakkanna“ og „síast inn í kennarana“ og breytir þannig smám saman viðhorfum allra sem starfa saman í skólanum. Viðbrögð við agabrotum telja kennarar nokkuð skýr en benda samt á að enn þurfi að skerpa á því hvernig tekið er á endurteknum agabrotum nemenda og einnig því að haft sé samband við foreldra þegar við á. Skólareglurnar hafa verið í stöðugri umræðu og þurfa að vera það áfram, kemur fram í rýnihópi kennara.

Hver hópur gerir sér bekkjarsáttmála að hausti sem eru samskipta- og umgengnisreglur. Í vettvangsheimsóknum mátti sjá reglurnar víða í stofum, sums staðar enn í mótun.

Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og finnst sumum þær skýrar en öðrum óskýrar eða skrítnar. Þau þekkja líka viðurlögin, það er „talað við kennarann og talað við skólastjóran“, og þeim finnst ekki hart tekið á brotum.

Jákvæðni og hrós er hluti af *Uppeldi til ábyrgðar* og bæði kennarar og nemendur í rýnihópum segja hrósið mikið notað. Kennarar eru duglegir að hrósa og krakkar hrósa hver öðrum, segja nemendur í rýnihópi. Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé mismunandi, „fer eftir því hvað er verið að gera“ og stundum segja þau erfitt að fá hljóð í kennslustund.

Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið (sjá fylgiskjal; vettvangsathuganir).

Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Fossvogsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Ábendingar

- Fossvogsskóli vinnur eftir *Uppeldi til ábyrgðar*. Það felur m.a. í sér að reglum er breytt í hlutverk og áhersla er lögð á að nemandinn læri af mistökum sínum og fái tækifæri til að bæta fyrir þau.
- Lýsingar á ásættanlegri hegðun og hlutverkum kennara og nemenda í ólíkum aðstæðum uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Hver hópur gerir sér bekkjarsáttmála að hausti sem eru samskipta- og umgengnireglur. Í vettvangsheimsóknum mátti sjá reglurnar víða í stofum, sums staðar enn í mótun.

- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og finnst sumum þær skýrar en öðrum óskýrar eða skrítnar. Þau þekkja líka viðurlögin, það er „talað við kennarann og talað við skólastjóran“, og þeim finnst ekki hart tekið á brotum.
- Jákvæðni og hrós er hluti af *Uppeldi til ábyrgðar* og bæði kennarar og nemendur í rýnihópum segja hrósið mikið notað.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé mismunandi, „fer eftir því hvað er verið að gera“ og stundum segja þau erfitt að fá hljóð.
- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Fossvogsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).

Viðvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2009 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er lítil og hlutfallslega minni en almennt gerist. Fjarvistir (óheimilar) eru engar.

Ábendingar

- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er lítil og hlutfallslega minni en almennt gerist. Fjarvistir (óheimilar) eru engar.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

Öflugt samstarf heimila og skóla er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Í starfsáætlun og á heimasíðu skólans eru upplýsingar um samstarf heimila og skóla þar segir m.a.: Gott samstarf skólans og heimila er ein af forsendum góðs skólastarfs og vellíðunar nemenda í skólanum. Umsjónarkennari er tengiliður skólans við heimilin. Hann er í samskiptum við foreldra um þau mál sem snerta einstaka nemendur og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Fossvogsskóli er opinn skóli og foreldrar eru ávallt velkomnir (Heimasíða Fossvogsskóla. Foreldrar). Í rýnihópi foreldra kom þó fram óvissa um hvað það þýðir að foreldrar séu velkomnir og að þeirra mati ekki nógu skýrt hvenær skólinn er opinn fyrir þeim.

Í foreldrakönnun veturinn 2010 svöruðu 75 foreldrar í Fossvogsskóla af 104 í úrtaki, sem er 72% svörun. Svarhlutfallið var 65% fyrir alla grunnskólana í borginni. Í skólanum voru 313 nemendur skólaárið 2009-2010, sem þýðir að svör vegna u.þ.b. 24% nemenda í skólanum var að finna í könnuninni.

Helstu niðurstöður eru þær að 95% foreldranna segjast vera ánægð með skólann, þar af segjast 48% vera *mjög ánægð*. Ánægja foreldra barna í Fossvogsskóla mældist 88% í fyrstu foreldrakönnuninni árið 2000, fór í 98% í könnuninni 2002 en lækkaði í næstu þremur könnunum og var komin í 73% árið 2008. Ánægja foreldra tekur því mikið stökk upp á við í könnuninni nú. Á kvarðanum 1 til 5 bætir skólinn við sig 0,5 stigum frá könnuninni 2008, fer úr 3,9 í 4,4. Meðaltalsánægjan í borginni allri er 4,1 og skólinn því 0,3 prósentustigum yfir meðaltali.

Í spurningu um stjórnun skólans segjast 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera *mjög ánægð*. Ánægja með stjórnun Fossvogsskóla var á bilinu 78-86% í fyrstu fjórum

könnuninum en fór niður í 58% í könnuninni 2008. Rétt eins og með ánægju með skóla verður því mikið stökk upp á við í spurningunni um ánægju með stjórnun í könnuninni nú. Breytingin er uppá 0,6 prósentustig, ánægjan fer úr 3,6 í 4,2. Meðaltalið í borginni allri fyrir árið 2010 er 4,0.

Ánægja foreldra með umsjónarkennara barnanna er mikil í skólanum fyrir árið 2010, eins og reyndar í borginni allri. Í fimm af sex spurningum um umsjónarkennarann eru meðaltölin yfir fjórum, í fjórum spurninganna hefur orðið hækkun frá árinu 2008 og í fjórum spurningum er meðaltalið hærra en í borginni.

Foreldrarnir í Fossvogsskóla meta líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 sem jafngildir því að þar líði þeim að meðaltali *oftast* vel og reyndar rúmlega það. Líðan í *kennslustundum* meta foreldrarnir einnig upp á 4,3 og í frímínútum upp á 4,2. Hér eru gildin í skólanum hærrí eða jafnhá og þau voru árið 2008 auk þess sem þau eru hærrí en í borginni allri en þar eru samsvarandi meðaltöl 4,1, 4,1 og 4,0.

Um 91% svarenda finnst aginn í skólanum *hæfilegur*, 84% finnst námslegar kröfur sem gerðar eru til barna þeirra *hæfilegar* og 79% finnst hið sama um heimavinnuna. Í öllum tilvikum er skólinn fyrir ofan samsvarandi hlutföll í borginni, þótt stundum sé munurinn lítill.

Sé miðað við könnuna 2008, þá hefur ánægja foreldra í nýjustu könnuninni tekið stökk upp á við hvað varðar möguleika á tómsundaiðkun að loknum skóladegi þótt meðaltalið sé enn ekki hærra en 3,2 og einnig hefur orðið hækkun hvað varðar þætti eins og hvernig skólinn kemur til móts við þarfir barnsins, samskipti starfsfólks við barnið, leikaðstöðu á skólalóð, aðstöðu til að matast og aðstöðu til íþróttaiðkunar. Meðaltöl skólans eru hér mikið til í kringum meðaltöl borgarinnar.

Í heildina kemur skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er yfir meðaltali í spurningum um ánægju með skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og viðbrögð við einelti. Þá hækkar skólinn mikið á milli kannanna í mörgum lykilsurningum.

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „hér er allt í góðu“ og „margt vel gert“ og sterkur kennarahópur í heildina, að þeirra mati. Samvinna við stjórnendur og kennara er góð að mati rýnihóps foreldra, en þó er líka nefnt að skólinn fari stundum í vörn ef foreldrar gagnrýna meðferð mála.

Styrkur skólans að þeirra mati er hvað lögð er mikil áhersla á umhverfismál og útikennslu, útiveru og hreyfingu. Skólinn hefur batnað mikið síðustu ár, segir í rýnihópnum. Þau telja umburðarlyndi einkenna viðhorf til nemenda. Skólinn er opin fyrir foreldrum en hugmyndafræði opins skóla þarf að kynna betur, sérstaklega fyrir nýjum foreldrum.

Athugasemdir rýnihópsins varða helst skólalóðina sem þarfnast lagfæringa og eru þau óánægð með hvað úrbætur hafa dregist. Einnig virðist þeim stundum erfitt og ganga seint að taka á eineltismálum og svo sé skólamatúrin ekki alltaf í samræmi við þau lýðheilsuámarkmið sem skólinn hefur sett sér, þó ýmislegt hafi breyst til batnaðar, en „þetta er endalaust mál“.

Skólaráð og foreldrafélag

Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda og einn af

deildarstjórum skólans er ritari. Fundargerðir eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu, síðasta fundargerð á heimasíðunni er frá fundi í janúar 2010 (skoðað 13. okt. 2010). Bent er á að skv. reglugerð um skólaráð skulu fulltrúar nemenda kosnir af nemendum en ekki valdir af stjórnendum eins og nú virðist gert.

Almennt er leitað eftir álitum skólaráðs og ráðið hefur tækifæri til að koma málum á framfæri að mati rýnihóps foreldra. Tengsl eru á milli stjórnar foreldrafélagsins og skólaráðs og foreldrafélagið er bakland fyrir fulltrúa foreldra í skólaráði. Fulltrúar skólaráðs í rýnihópi telja að tekið sé tillit til þess sem foreldrar segja og „rödd fólks fær að heyrast“. Þó mætti samráð og upplýsingaflæði vera meira, áður en ákvarðanir eru teknar um breytingar og eru dæmi nefnd, s.s. breytingar á verkgreinakennslu í 3. bekk og þegar breytingar voru gerðar á upphafi skóladags.

Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti. Foreldrafélagið er virkt og öflugt að mati skólastjóra og hann leggur áherslu á gott samstarf við félagið þó hann fundi ekki reglulega með stjórn þess en félagið hefur sem tengilið einn kennara skólans auk þess sem einn af deildarstjórunum vinnur mikið með félaginu. Foreldrafélagið hefur umsjón með ákveðnum viðburðum í samstarfi við skólann, s.s. Bingó, jólaföndri, vetrarhátíð og vorhátíð í maí. Foreldrafélagið hefur stutt vel við skólann og m.a. fært skólanum upptökuvél nýlega.

Hlutverk bekkjarfulltrúa er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda innan bekkjarins og eru verkefni þeirra skilgreind í starfsáætlun og á heimasíðu.

Ábendingar

- Öflugt samstarf heimila og skóla er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Fjallað er um það í starfsáætlun og á heimasíðu, þar birtast líka upplýsingar um skólaráð, foreldrafélag og verkefni bekkjarfulltrúa.
- Helstu niðurstöður eru þær að 95% foreldranna segjast vera ánægð með skólann, þar af segjast 48% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja foreldra er 4.4 (af 5) í Fossvogsskóla sem hærra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera *mjög ánægð*. Ánægja foreldra í Fossvogsskóla með stjórnunina var 4,2 sem er yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í heildina kemur skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er yfir meðaltali í spurningum um ánægju með skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og viðbrögð við einelti. Þá hækkar skólinn mikið á milli kannanna í mörgum lykilsurningum.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „hér er allt í góðu“ og „margt vel gert“.
- Samvinna við stjórnendur og kennara er góð að mati rýnihóps foreldra, en þó er líka nefnt að skólinn fari stundum í vörn ef foreldrar gagnrýna meðferð mála.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrjár fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Fundargerðir ráðsins eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti. Foreldrafélagið er virkt og öflugt að mati skólastjóra.

Upplýsingamiðlun og samskipti

Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, en þær eru þó mismunandi eftir kennurum að þeirra sögn. Mentor er meira notaður nú en áður. Áætlanir eru gerðar ýmist til viku eða hálf mánaðar og sendar heim. Form þeirra er ólíkt eftir árgöngum og í rýnihópi kom fram að foreldrum væri ekki alltaf ljóst í áætluninni hvað á vinna í skóla og hvað er heimavinna. Sérstaklega á þetta við um foreldra sem koma nýir að skólanum og þekkja ekki verklagið. Nokkur umræða varð um heimavinnuna í rýnihópnum og kom fram að í sumum árgöngum virðist ætlast til mikillar heimavinnu.

Ánægja var í rýnihópi foreldra með námskynningar en þær þóttu þó vera helst til seint og foreldrar vildu hafa þær fyrir á haustinu.

Heimasíðan er einnig mjög góð og virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, en nokkurrar óánægju gætti með upplýsingaflæði almennt frá skólanum, sérstaklega þegar breytingar eru gerðar á skipulagi skólastarfs finnst fólki að upplýsingar og skýringar berist of seint, „það er svo auðvelt að koma í veg fyrir óánægju foreldra ef allir eru vel upplýstir“, segir í rýnihópi.

Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 91% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 36% mjög ánægð. Þetta skilaði skólanum meðaltalinu 4,3 í spurningunni, sem er hærra en að meðaltali í Reykjavík (4,1).

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 er kafli um samskipti heimila og skóla. Þar kemur fram áhersla á öflugt samstarf við foreldra. Taldar eru upp ýmsar leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði, m.a. skólakynningar í upphafi skólaárs, foreldraviðtöl að vetri bekkjarkvöld, opið hús og ýmsar skemmtanir þar sem foreldrum er boðið og morgunkaffi sem skólastjórnendur bjóða til einu sinni að vetri. Í starfi einstakra bekkja eða árganga (Starfsáætlun Fossvogsskóla 2010-2011).

Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð, kennarar hringja í foreldra ef e-ð er og foreldrar hringja og leggja skilaboð fyrir kennara. Tölvupóstur er einnig töluvert notaður.

Ábendingar

- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, en þær eru þó mismunandi eftir kennurum að þeirra sögn. Mentor er meira notaður nú en áður.
- Heimasíðan er einnig mjög góð og virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, en nokkurrar óánægju gætti með upplýsingaflæði almennt frá skólanum, sérstaklega þegar breytingar eru gerðar á skipulagi skólastarfs.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 91% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 36% mjög ánægð
- Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 er kafli um samskipti heimila og skóla. Þar kemur fram áhersla á öflugt samstarf við foreldra. Taldar eru upp ýmsar leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

Meðal markmiða í stefnukorti Fossvogsskóla er nám við hæfi hvers og eins og fagleg og árangursrík kennsla. Í kafla um einstaklingsmiðað nám í starfsáætlun skólans segir að skólinn hafi þróað einstaklingsmiðað nám í anda opna skólans þar sem áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins. (Starfsáætlun. Einstaklingsmiðað nám).

Í námsvísunum árganga og greina kemur fram að farið sé fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í námsáætlunum nemenda kemur ekki fram sama áhersla á fjölbreyttar leiðir heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum, að frátaldri útikennslu og verklegum greinum. Námsáætlanir eru gerðar sameiginlega fyrir árganginn og er útfærsla þeirra nokkuð mismunandi eftir árgöngum og misjafnt hve mikið er ákveðið af kennurum og hve mikið nemendur sjálfir setja inn.

Nemendur vinna eftir tímabundnum áætlunum og ættu að geta lokið þeirri vinnu í skólanum, segir í starfsáætlun. Heimanám getur því verið misjafnt eftir nemendum og nemendahópum (sama. Vinna í skóla og heimanám). Í rýnihópi foreldra kom fram að heimanám væri mismunandi eftir kennurum og árgöngum.

Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um þriðjungi þeirra stunda sem heimsóttar voru. Innlög og umræður voru í tæplega 20% stundanna og verklegt í 20%. Fjölbreyttust voru vinnubrögðin í yngstu hópunum (sjá fylgiskjal – vettvangsathuganir). Að sögn kennara í rýnihópi er reynt að koma til móts við alla, „þau eru kannski að vinna sama verkefnið en enginn gerir eins“. Þannig eru mismunandi kröfur og mismunandi útfærslur eftir einstaklingum.

Í rýnihópi kennara kemur fram að fjölbreytni í námi og kennslu birtist ekki síst í útikennslu og lýðheilsu markmiðum. Einnig kemur fram að efla þurfi kennslu í raungreinum og náttúrufræði.

Sérstaða skólans

Í stefnumótun skólans er sérstaða skólans tilgreind sem:

- Fjölbreytt og skapandi nám
- Grænn skóli
- Félagsleg hæfni nemanda
- Lýðheilsa

Í kafla um sérstöðu skólans í starfsáætlun er fjallað um ýmsa þætti sem einkenna skólastarfið og tengjast flestir opna skólanum. Fjallað er um heimakrök sem samverustað og kennslustað fyrir hópinn.

Oft safnast nemendur þar saman í upphafi hvers skóladags. Í heimakrök er hægt að efla samkennd hópsins, stuðla að auknum tilfinninga- og félagsþroska og veita öllum þjálfun í að tjá sig. Ýmis mál sem ofarlega eru á baugi eru rædd og nemendur hvattir til að láta álit sitt í ljós og ræða saman. Ýmis ágreiningsmál sem koma upp í starfinu eru einnig rædd og reynt að finna viðhlítandi lausnir á þeim. Ýmsum orðsendingum er komið á framfæri við nemendur og viðfangsefni rædd og skipulögð. Hér eru gefin fyrirsmáli fyrir daginn, allir látnir ákveða hvað þeir ætla að gera. Stundum er lagt inn efni.

(Starfsáætlun Fossvogsskóla. Sérstaða skólans)

Annar þáttur í sérstöðu skólans skv. starfsáætlun, eru valsvæði sem eru á stundatöflu nemenda einu sinni í viku. Þá eru hinar hefðbundnu skólabækur lagðar til hliðar og velja nemendur sér viðfangsefni undir handleiðslu kennarans. Á þeim tíma sem matið fór fram var valið úti við, leikir s.s. fótbolti og snú-snú. Á valsvæðum blandast annars vegar yngri og hins vegar eldri árgangar. Kennarar skipta með sér umsjón á valsvæðum, bæði umsjónarkennarar hópa og sérgreinakennarar.

Undir sérstöðu er einnig greint frá samverustund á sal á hverjum föstudegi. Hver hópur undirbýr „sal“ tvisvar til þrisvar sinnum á vetri. Lögð er áhersla á að allir nemendur hópans fái tækifæri til að koma fram. Þetta gildir um alla námshópa 6-12 ára, myndir og frásögn af þessum samverustundum birtast gjarnan á heimasíðu skólans.

Aðrir þættir sem í starfsáætlun eru taldir marka sérstöðu skólans eru skólasafnið og nýting þess, lífsleiknikennsla, heildarverkefni, en allir nemendur skólans fást þá við sama verkefnið, námsgreinar eru samþættar og lögð er áhersla á vettvangsferðir. Loks er fjallað um söguaðferðina.

Í allri stefnumótun skólans kemur fram áhersla á umhverfis- og lýðheilsuátt. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum. Meginmarkmið útikennslunnar er að nemandinn fái tækifæri til að virkja öll skilningarvit sín með því að horfa, að hlusta, að lykta og snerta en einnig að efla félagsvitund nemandans.

Markmið í lýðheilsu er m.a. að nemendur hreyfi sig í a.m.k. 60 mínútur á dag, liður í því er að ganga eða hjóla í skólann og svo hollt og gott mataræði.

List- og verkgreinar

Nemendur í 1. og 2. bekk fá stutt námskeið í list- og verkgreinum en í 3. bekk sjá bekkjarkennarar um þessa kennslu og virðist hún vera samþætt öðrum námsgreinum miðað við upplýsingar í námsvísi. Í 4.-7. bekk fá nemendur 2 tíma á viku í textíl- og tæknimennt hálfan veturinn. Myndmennt/listir eru kenndar í 2. og 4.-7. bekk sem sérstök grein samkvæmt námsvísum og dans einn tíma á viku í 1.-6. bekk. Heimilisfræði er á töflu hjá 4.-7. bekk 2 tíma á viku hálfan veturinn en nemendur í 1.-3. bekk fá ekki kennslu í þessari grein.

Enginn tónmenntakennari er við skólann í vetur og fellur tónmenntakennsla niður. Í rýnihópum bæði foreldra og kennara kemur fram óánægja með það.

Víða koma fram í rýnihópum áhyggjur af því að dregið sé úr vægi list- og verkgreina sérstaklega í yngri deildum. Fram kemur að sumir tengja það minna fjármagni til skólastarfsins undanfarin ár.

Skólasafn

Safnið er opið meðan kennt er í skólanum og er nemendum frjálst að koma og fá lánaðar bækur, lesa, vinna verkefni, tefla eða leita sér upplýsinga í tölvum safnsins. Þá er boðið upp á sögustund fyrir yngstu börnin og allir árgangar fá safnfræðslu. Valsvæði eru einnig á skólasafni, bæði fyrir eldri og yngri nemendur, einu sinni í viku (Starfsáætlun. Skólasafn).

Kennari er við safnið 10 tíma á viku á þessu skólaári auk þess einn starfsmaður og skipta þeir með sér umsjón með safninu.

Námsmat

Í starfsáætlun skólans er greint frá því að unnið verði að endurskoðun námsmats í skólanum veturinn 2010-2011 undir handleiðslu frá Menntavísindasviði HÍ og í samstarfi við skólana í hverfi tvö (Starfsáætlun. Námsmat).

Í námsvísunum árganga og greina kemur fram mikil áhersla á símat og að meta áhuga og virkni nemenda ekki síður en þekkingu. Í bóklegum greinum í eldri deildum kemur fram að reglulega eru lagðar fyrir kannanir sem mynda grunn að námsmati.

Nemendur fá skriflegan vitnisburð í formi umsagna afhentan tvisvar á ári, eftir áramót og að vori.


Einstaklingsmiðað nám og markviss samvinna

Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni (sjá fylgiskjal, matstæki um einstaklingsmiðað nám).

Einstaklingsmiðað nám og opinn skóli er „arfleifð skólans“, segir í rýnihópi og kennarahópurinn þurfi að vera vakandi yfir þessu tvennu og kynna sérstaklega fyrir nýjum kennurum. Nemendur gera eigin áætlanir um hluta náms síns undir stjórn kennara og einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á eigin námi.

Eigin áætlanir nemenda hafa þó mismikið vægi í námi þeirra eftir árgöngum og hópum. Fram kemur í rýnihópi að þörf er fyrir mikla mönnun til að halda úti þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í skólanum, sem dæmi er nefnt þegar kennari vinnur með litlum hópi nemenda að gerð einstaklingsáætlana þá þarf einhvern til að sjá um hinn hópinn á meðan. Kennarar í rýnihópi telja að niðurskurður hafi dregið úr og skert skólastarfið, bæði hvað varðar kennslu í list- og verkgreinum og stuðning inn í hópa sem sé skilyrði fyrir því að halda úti einstaklingsmiðuðu námi og kennslu.

Mat á gæðum kennslustunda - vettvangsathuganir



Alls var farið í heimsókn í 29 kennslustundir í 1.-7. bekk og þar af 23 metnar. Í fylgiskjali um vettvangsathuganir er að finna lýsingu athugenda og mat samkvæmt viðmiðum um gæði kennslustunda (sjá fylgiskjal: Viðmið um mat á gæðum kennslustundar).

Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 74% og 9% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3), og 4% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi (súla 4). Til samanburðar eru gæði kennslustunda að meðaltali í þeim skólum sem metnir hafa verið síðan í byrjun árs 2009.

Ábendingar

- Meðal markmiða í stefnukorti Fossvogsskóla er nám við hæfi hvers og eins og fagleg og árangursrík kennsla.
- Í kafla um einstaklingsmiðað nám í starfsáætlun skólans segir að skólinn hafi þróað einstaklingsmiðað nám í anda opna skólans þar sem áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins.
- Í námsvísunum árganga og greina kemur fram að farið sé fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í námsáætlunum nemenda kemur ekki fram þessi áhersla á fjölbreyttar leiðir heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum, að frátaldri útikennslu og verklegum greinum.
- Í rýnihópi kennara kemur fram að fjölbreytni í námi og kennslu birtist ekki síst í útikennslu og lýðheilsu markmiðum. Einnig kemur fram að efla þurfi kennslu í raungreinum og náttúrufræði.
- Enginn tónmenntakennari er við skólann í vetur og fellur tónmenntakennsla niður. Í rýnihópum bæði foreldra og kennara kemur fram óánægja með það. Víða koma fram í rýnihópum áhyggjur af því að dregið sé úr vægi list- og verkgreina sérstaklega í yngri deildum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um þriðjung þeirra stunda sem heimsóttar voru. Innlögn og umræður voru í tæplega 20% stundanna og verklegt í 20%. Fjölbreyttust voru vinnubrögðin í yngstu hópunum.
- Í stefnumótun skólans er sérstaða skólans tilgreind sem: Fjölbreytt og skapandi nám. Grænn skóli. Félagsleg hæfni nemanda. Lýðheilsa. Í kafla um sérstöðu skólans í starfsáætlun er fjallað um ýmsa þætti sem einkenna skólastarfið og tengjast flestir opna skólanum.
- Í allri stefnumótun skólans kemur fram áhersla á umhverfis- og lýðheilsu mál. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum.
- Í starfsáætlun skólans er greint frá því að unnið verður að endurskoðun námsmats í skólanum veturinn 2010-2011. Í námsvísunum kemur fram mikil áhersla á símat og á að meta áhuga og virkni nemenda ekki síður en þekkingu. Nemendur fá skriflegan vitnisburð í formi umsagna afhentan tvisvar á ári eftir áramót og að vori.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Nemendur gera eigin áætlanir um hluta náms síns undir stjórn kennara og einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á eigin námi.

- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 74% og 9% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3), og 4% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Skóli án aðgreiningar - sérkennsla

Stjórnun og stefna

Deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi sér alfarið um þennan þátt skólastarfsins og vinnur sjálfstætt í umboði skólastjóra. Hún sér um skipulag sérkennslunnar, raðar tímum og verkefnum á kennara í sérkennslu og stuðningsfulltrúa og heldur utan um nemendur sem njóta stuðnings og sérkennslu samkvæmt yfirliti sem uppfært er á hverju ári. Einnig heldur hún utan skimanir, s.s. *Læsi* og *Talnalykil*, er tengiliður við *Skólapúlsinn* og hefur umsjón með fyrirlögn kannana og skimana. Hún sér um að sækja um undanþágur í samræmdum könnunarprófum fyrir þá nemendur sem þurfa og heldur utan um próftöku þeirra og sér einnig um lestrargreiningar, en talkennslan er aðkeypt.

Ekki eru fastir fundir með þeim sem koma að sérkennslunni, en deildarstjóri „er alltaf tilbúin að ræða við okkur ef við þurfum“, segir í rýnihópi um sérkennslu.

Í starfsáætlun skólans kemur fram að unnið er eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar sbr. grunnskólalögin, Aðalnámskrá grunnskóla og sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar. Leiðir að þessum markmiðum felast meðal annars í sveigjanlegum kennsluháttum, samstarfi kennara, sveigjanlegum og fjölbreyttum sérúrræðum og markvissum stuðningi við kennara (Starfsáætlun. Stoðþjónusta). Að mati rýnihóps um sérkennslu er unnið markvisst eftir stefnunni og „börnin eru meira og minna inni í bekknum“. Í viðtali við skólastjóra kemur fram að á þessu skólaári hefur verið fjallað sérstaklega um skóla án aðgreiningar sem hluta af símenntun kennara með það að markmiði að skerpa sameiginlega sýn á framkvæmdina.

Skipulag sérkennslu

Val á nemendum í sérkennslu fer eftir samræmdum viðmiðunum og niðurstöðum prófa. Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáferðum miðað við það sem almennt gerist og miðar að því að mæta sérstökum þörfum þeirra nemenda sem hennar njóta (Starfsáætlun. Stoðþjónusta).

Deildarstjóri sérkennslu hefur að vori leitað eftir mati kennara á því hvernig sérkennsla og stuðningur hefur nýst og jafnframt spurt um þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Á grundvelli svaranna auk annarra upplýsinga um þörf fyrir sérkennslu og stuðning er gerð áætlun næsta skólaárs.

Sérkennslan fer fram bæði utan og innan bekkjar. Á yngra svæðinu er stuðningur meira veittur inni í stofu, en á eldra svæði eru einstaklingar og hópar teknir út, s.s. lestrarhópar sem deildarstjóri yngra stigs hefur haldið utan um. Fyrsta valið er að styðja við nemendur inni í bekk ef kostur er. Nemendur eru teknir úr tímum vegna námsvanda, hegðunarvanda eða félagslegs vanda, ef ekki er hægt að koma við kennslu inni í bekk. Engir nemendur eru meginhluta skóladags síns í námsveri. Í 4., 5. og 6. bekk eru nemendur teknir út í lestrarhópa og sér deildarstjóri yngra stigs um þá hópa.

Þegar matið fer fram er nýbúið að ráða að námsverinu kennara sem mun sinna læsi og lestrarkennslu sérstaklega og tengjast verkefninu *Byrjendalæsi*, en áður höfðu sérkennslutímar dreifst á nokkra kennara sem gerir erfiðara fyrir um skipulag og nýtingu tíma að mati deildarstjóra. Að mati rýnihóps væri æskilegra að hafa sérkennara í sérkennslunni.

Stuðningsfulltrúar eru ráðnir til að aðstoða kennara og styðja við þá í ýmsum verkum, s.s. ljósritun o.fl. Engir skólaliðar eru við skólann og sumir verkþættir stuðningsfulltrúa bera þess merki „við þurfum að vera á mörgum stöðum og hlaupum í skarðið til að leysa af í veikindum“, segir í rýnihópi.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá (12 nemendur núna). Deildarstjóri sér um gerð þeirra í samráði við kennara og þroskaþjálfara og foreldrum er boðið að gera athugasemdir eða bæta við. Mynduð eru teymi sem halda utan um málefni þessara nemenda með þátttöku kennara og foreldra/aðstandenda.

Aðstaða og aðbúnaður

Sérkennslan hefur til umráða rúmgott og bjart vinnusvæði sem áður var vinnuaðstaða kennara og bókasafn. Auk þess eru notuð ýmis rými ef þarf, kemur fram í rýnihópi.

Tölvukostur námsversins er ekki góður að mati rýnihóps um sérkennslu.

Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann í ár, en að mati rýnihópsins væri hægt að skapa aðstöðu ef til þess kæmi.

Viðhorf og líðan:

Viðhorf er jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir, „það er alltaf reynt að leysa málin“ og sérstaklega er fylgst með því að þau taki þátt námslega og félagslega, en er þó misjafnt eftir einstaklingum hve mikinn þátt þeir taka í skólastarfinu og því hvað er um að vera í kennslunni hverju sinni, segir í rýnihópi um sérkennslu. Stefnt er að því að það sé notalegt í námsverinu og nemendur sækist eftir því að koma og líði þar vel. Almenn er að mati rýnihópsins haldið vel utan um alla nemendur í skólanum „það er kósí andrúmsloft hér“.

Upplýsingaflæði – samstarf

Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt og sjaldan sérstakir formlegir fundir að sögn rýnihóps um sérkennslu.

Samstarf er gott við foreldra en þeir hafa meiri þörf fyrir slíkt þegar illa gengur, kemur fram í rýnihópi. Teymi hafa verið mynduð um nokkra einstaklinga með þátttöku foreldra.

Ráðgjöf - þjónustumiðstöð

Áhersla er lögð á að í námsveri sé miðstöð ráðgjafar og sérkennslu, þar sem ráðgjöfin kemur fyrst og síðan kennslan.

Samstarf við þjónustumiðstöð er helst í gegnum sálfræðinginn sem kemur reglulega og kennsluráðgjafi hefur komið og gert tengslakönnun, „auðvelt að leita aðstoðar ef þarf“, segir í rýnihópi.

Stuðningsteymi (lausnateymi) fundar hálfsmánaðarlega, í því sitja auk, deildarstjóra sérkennslu, deildarstjóri yngra stigs, þroskaþjálfari og tveir kennarar. Málum og ráðgjöf við einstaka kennara er beint þangað.

Nemendaverndarráð fundar tvisvar í mánuði, í því sitja skólastjóri, deildarstjórar, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur skólans. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á því að vísa málum til nemendaverndarráðs. Athugasemd kemur fram um fundirnir séu ekki að öllu leyti markvissir og umræðan beinist að almennum þáttum skólastarfsins í bland við málefni einstaklinga. Ekki er boðað til funda með dagskrá en fundargerðir eru ritaðar.

Ábendingar

- Deildarstjóri sérkennslu í um 60% starfi sér alfarið um þennan þátt skólastarfsins og vinnur sjálfstætt í umboði skólastjóra. Deildarstjórinn sér um skipulag sérkennslunnar, raðar tímum og verkefnum á kennara í sérkennslu og stuðningsfulltrúa
- Í starfsáætlun skólans kemur fram að unnið er eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar sbr. grunnskólalögin, Aðalnámskrá grunnskóla og sérkennslustefnu Reykjavíkurborgar. Að mati rýnihóps um sérkennslu er unnið markvisst eftir stefnunni.
- Val á nemendum í sérkennslu fer eftir samræmdum viðmiðunum og niðurstöðum prófa. Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum.
- Sérkennslan fer fram bæði utan og innan bekkjar. Á yngra svæðinu er stuðningur meira veittur inni í stofu, en á eldra svæði eru einstaklingar og hópar teknir út. Engir nemendur eru meginhluta skóladags síns í námsveri.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Deildarstjóri sér um gerð þeirra í samráði við kennara og þroskaþjálfara og foreldrum er boðið að gera athugasemdir eða bæta við.
- Sérkennslan hefur til umráða rúmgott og bjart vinnusvæði sem áður var vinnuaðstaða kennara og bókasafn. Auk þess eru notuð ýmis rými ef þarf, kemur fram í rýnihópi.
- Tölvukostur námsversins er ekki góður að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann í ár, en að mati rýnihóps væri hægt að skapa aðstöðu ef til þess kæmi.
- Viðhorf er jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir, „það er alltaf reynt að leysa málin“ og sérstaklega er fylgst með því að þau taki þátt námslega og félagslega.
- Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt og sjaldan sérstakir formlegir fundir að sögn rýnihóps um sérkennslu.
- Áhersla er lögð á að í námsveri sé miðstöð ráðgjafar og sérkennslu, þar sem ráðgjöfin kemur fyrst og síðan kennslan.
- Samstarf við þjónustumiðstöð er helst í gegnum sálfræðinginn, en „auðvelt er að leita aðstoðar ef þarf“, segir í rýnihópi.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) fundar hálfsmánaðarlega í því sitja auk, deildarstjóra sérkennslu, deildarstjóri yngra stigs, þroskaþjálfari og tveir kennarar. Málum og ráðgjöf við einstaka kennara er beint þangað.
- Nemendaverndarráð fundar tvisvar í mánuði. Athugasemd kemur fram um fundirnir séu ekki að öllu leyti markvissir

Skólaþróun og mat

Fossvogsskóli á sér langa hefð sem opinn skóli. Strax að loknu fyrsta starfsári skólans hófst formleg tilraun um opinn skóla undir stjórn þáverandi skólastjóra, Kára Arnórssonar. Um þetta er fjallað á heimasíðu undir yfirskriftinni *Saga skólans*. Þar eru tilgreind hugmyndafræði og helstu einkenni opins skóla. Þar segir m.a.: Tilraunin með opna kennsluhætti í

Fossvogsskóla beindist að því að haga kennslunni með hliðsjón af hverjum nemanda og búa honum þannig sem best þroskaskilyrði. Einnig segir: Á þeim rúmu 30 árum sem skólinn hefur starfað hefur margt breyst, t.d. var aldursblöndun hætt 1991, skipting í sérgreinar hefur breyst og ýmsir viðburðir orðnir að föstum liðum í skólastarfinu (Heimasíða Fossvogsskóla: Skólinn – saga skólans). Í starfsáætlun, kafla um sérstöðu skólans koma fram þættir sem tengjast opna skólanum, s.s. áhersla á heimakrök og valsvæði. Í nýrri stefnumótun kemur ekkert fram um opinn skóla og því vaknar sú spurning hvaða þætti skólastarfs eins og það er í dag má rekja til þess þróunarstarfs – eða hefur þetta þróunarstarf horfið í stefnubreytingum síðustu ára.

Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að umhverfis- og lýðheilsumálum í Fossvogsskóla. Grænfánaverkefnið er dæmi um það en nýlega fékk skólinn Grænfánann afhentan í fimmta sinn. Einnig er það stefna skólans að hvetja nemendur til hreyfingar, hvatt er til að nemendur komi gangandi eða hjólandi í skólann og að þeir hreyfi sig a.m.k. eina klst. á dag. Í könnun á ferðamáta nemenda í skólann í október 2009 komu um 96% nemenda gangandi eða hjólandi í skólann og í febrúar 2010 var hlutfallið 74%. Til þess að auka öryggi nemenda hefur skólinn sett reglur um hjólreiðar (Starfsáætlun. Umhverfis- og lýðheilsumál).

Sjálfsmatsaðferðir Fossvogsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2009 og töldust sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta þar sem sjálfsmatsáætlun vantaði. Úr því hefur síðan verið bætt.

Sjálfsmatsskýrsla Fossvogsskóla fyrir árið 2009-2010 liggur fyrir við matið, hún er unnin í vefkerfinu *Skoldialogen*. Í skýrslunni er fjallað um alla helstu þætti skólastarfsins, markmið, mat og aðgerðir til úrbóta. Fram kemur að matinu er stýrt af stjórnendum, en starfsmenn, nemendur, foreldrar og aðrir sem tengjast skólastarfinu koma að matinu.

Fyrir liggur aðgerðaáætlun í samhæfðu árangursmati fyrir skólaárið 2010-2011 í fjórum víddum: Skólasamfélagið, innra starf, mannauður og fjármálastarf, í hverri vídd eru tilgreind 2-5 verkefni sem unnið skal að á skólaárinu, og í hverju verkefni mælikvarði, viðmið og aðgerðir. Ekki kemur fram að hve miklu leyti aðgerðaáætlun byggir á sjálfsmatinu.

Skapast hefur sú hefð að bjóða foreldrum hvers árgangs fyrir sig til morgunfunda einu sinni á skólaárinu. Morgunfundir hafa mælst vel fyrir að mati skólastjórnenda og hefur mæting foreldra verið á bilinu 60-70%. Á síðasta skólaári var foreldrum boðið að skrá tvö atriði sem þeir voru ánægðir með í skólastarfinu og tvö sem þeir töldu að betur mætti fara. Samantekt þessara ábendinga liggur fyrir við matið, ánægja virðist almenn með áherslur skólans á útikennslu og umhverfismál og víða kemur fram að foreldrar telja að vel sé hlúð að börnum í skólanum. Athugasemdir eru gerðar við skort á tónmenntakennslu, sundkennslu eftir skóla, skólalóðina og mötuneytið. Skólinn hefur að e-u leyti þegar brugðist við þessum ábendingum, s.s. með því að færa sundkennslu inn í töflu nemenda.

Á starfsdegi í júní 2010 var starfsfólki skipt í hópa og beðið að ræða spurningar um stefnu skólans, samstarf starfsfólks, uppeldi til ábyrgðar, lýðheilsumál, rekstur skólans og framtíðarsýn. Niðurstöður eru teknar saman frá hverjum hópi fyrir sig en ekki kemur fram hvernig vinna á áfram og nýta niðurstöðurnar.

Ábendingar

- Fossvogsskóli á sér langa hefð sem opinn skóli. Í starfsáætlun, kafla um sérstöðu skólans koma fram þættir sem tengjast opna skólanum. Í nýrri stefnumótun kemur ekkert fram um opinn skóla og því vaknar sú spurning hvaða þætti skólastarfsins má

rekja til þess þróunarstarfs – eða hefur þetta þróunarstarf horfið í stefnubreytingum síðustu ára.

- Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að umhverfis- og lýðheilsuáttum í Fossvogsskóla. Grænfánaverkefnið er dæmi um það, en nýlega fékk skólinn Grænfánann afhentan í fimmta sinn. Einnig er það stefna skólans að hvetja nemendur til hreyfingar, hvatt er til að nemendur komi gangandi eða hjólandi í skólann og að þeir hreyfi sig a.m.k. eina klst. á dag.
- Sjálfsmatsaðferðir Fossvogsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamála-ráðuneytisins vorið 2009 og töldust sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta þar sem sjálfsmatsáætlun vantaði. Úr því hefur síðan verið bætt.
- Sjálfsmatsskýrsla Fossvogsskóla fyrir árið 2009-2010 liggur fyrir við matið, hún er unnin í vefkerfinu *Skoldialogen*.
- Fyrir liggur aðgerðaáætlun í samhæfðu árangursmati fyrir skólaárið 2010-2011 í fjórum víddum: Ekki kemur fram að hve miklu leyti aðgerðaáætlun byggir á sjálfsmatinu.
- Á morgunfundum með foreldrum á síðasta skólaári var þeim boðið að skrá tvö atriði sem þeir voru ánægðir með í skólastarfinu og tvö sem þeir töldu að betur mætti fara. Samantekt þessara ábendinga liggur fyrir við matið.
- Á starfsdegi í júní 2010 var starfsfólki skipt í hópa og beðið að ræða spurningar um stefnu skólans, samstarf starfsfólks, uppeldi til ábyrgðar, lýðheilsuátt, rekstur skólans og framtíðarsýn. Niðurstöður eru teknar saman frá hverjum hópi fyrir sig en ekki kemur fram hvernig vinna á áfram og nýta niðurstöðurnar.

Virki upplýsingamiðlun

Skólanámskrá og námsáætlanir

Starfsáætlun og skólanámskrá Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins, s.s. stefnu skólans, stoðkerfi, námsvísu o.fl. (sjá meðfylgjandi gátlista um starfsáætlun og um skólanámskrá).

Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísu fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007. Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið, lýsing á námsmati, lýsing á markmiðum, efnisþættir, námsefni og leiðir. Tengsl við aðalnámskrá og stefnu skólans koma m.a. fram í meginmarkmiðum. Námsvísar hvers árgangs og hverrar greinar fyrir önnina eru birtar á heimasíðu skólans. Þær eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.

Nemendur gera eigin áætlanir um hluta náms síns undir stjórn kennara og einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Í námsáætlunum sem gerðar eru ýmist til einnar eða tveggja vikna, kemur fram hvað á að vinna í hverri grein og hverri námsbók en nemendur deila sjálfir vinnunni niður á daga vikunnar og ráða sjálfir yfirferð í svokölluðum aukabókum. Þetta er þó misjafnt eftir árgöngum. Form áætlana er einnig ólíkt milli árganga. Í 4. bekk er gerð kennsluáætlun fyrir önnina í Einingu og Skinnu þar sem viðfangsefni hverrar viku er tilgreint, þar koma fram námsþættir sem unnið er

að hverju sinni og pláss fyrir athugasemdir kennara og sjálfsmat nemenda. Auk þess fá foreldrar vikuáætlun í Mentor.

Í sumum árgöngum kemur fram að heimavinna sé aðeins til að ljúka því sem áætlun gerir ráð fyrir að unnið sé á tímabilinu og ekki næst að vinna á skólatíma. Heimavinnan er þannig mismunandi eftir einstaklingum. Þetta er þó misjafnt eftir árgöngum og virðist t.d. í 3. bekk gert ráð fyrir nokkurri heimavinnu. Foreldri í rýnihópi nefnir misvísandi skilaboð um hvort ætlast er til heimanáms eða ekki.

Heimasíða

Heimasíða Fossvogsskóla er aðgengileg og fréttir eru uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í námsvísunum fyrir hvern árgang og einnig eru upplýsingar um skólaráð, svo og foreldrafélagið og starfsemi þess.

Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er aðeins að finna á spænsku, annars er á heimasíðunni fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna (sjá fylgiskjal; gátlisti um heimasíðu).

Foreldrar í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með upplýsingar á heimasíðu skólans og fréttir sem þar birtast úr skólastarfi og af afrekum nemenda sem dæmi er nefnt að frétt kom um það þegar stelpur lentu í öðru sæti í grunnskólamóti Reykjavíkur í knattspyrnu. Þó telja þeir að betur þyrftu að koma fram „grunnatriði um stefnu“, s.s. hvað felst í hugtakinu opinn skóli.

Ábendingar

- Starfsáætlun og skólanámskrá Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísunum fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið, lýsing á námsmati, lýsing á markmiðum, efnisþættir, námsefni og leiðir.
- Í námsáætlunum sem gerðar eru ýmist til einnar eða tveggja vikna, kemur fram hvað á að vinna í hverri grein og hverri námsbók en nemendur deila sjálfir vinnunni niður á daga vikunnar og ráða sjálfir yfirferð í svokölluðum aukabókum. Þetta er þó misjafnt eftir árgöngum.
- Heimasíða Fossvogsskóla er aðgengileg og fréttir eru uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í námsvísunum fyrir hvern árgang
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er aðeins að finna á spænsku, annars er á heimasíðunni fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna.
- Foreldrar í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með upplýsingar á heimasíðu skólans og fréttir sem þar birtast úr skólastarfi og af afrekum nemenda. Þó telja þeir að betur þyrftu að koma fram „grunnatriði um stefnu“, s.s. hvað felst í hugtakinu opinn skóli.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

Fossvogsskóli verður í fararbroddi í lýðheilsu- og umhverfismálum segir í framtíðarsýn í stefnumótun skólans. Á undanförunum árum hefur verið lögð sérstök áhersla á umhverfis- og lýðheilsuáttal í skólanum og hann fékk nýverið úthlutað Grænfánanum í fimmta sinn.

Í skólanum er starfandi umhverfisráð. Í því sitja fulltrúar nemenda, kennara, stjórnenda, starfsfólks og foreldra. Ráðið hefur sett fram eftirfarandi umhverfismarkmið fyrir skólann:

- Að nemendur læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna
- að nemendur þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur að nemendur geti greint jákvæðan áróður frá neikvæðum í auglýsingum
- að nemendur nýti upplýsingatækni til þess að auka þekkingu á umhverfi sínu og daglegu lífi
- að nemendur geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- að nemendur læri að meta útgjöld og rekstur heimilisins
- að nemendur séu meðvitaðir um gildi þess að flokka rusl
- að nemendur geri sér grein fyrir að með flokkun er hægt að endurvinna og endurnýta ýmislegt sem annars færi í ruslið
- að nemendur verði meðvitaðir um hversu mikið af rusli fellur til daglega
- að skólinn í samvinnu við heimilin vinni að því að efla ábyrga hegðun og umgengni við nánasta umhverfi sitt og náttúru landsins (Starfsáætlun Fossvogsskóla 2010 – 2011).

Í hverjum hópi skólans starfar einn umhverfisvarðliði. Hlutverk þeirra er að vera kennaranum til aðstoðar við að framfylgja umhverfismarkmiðunum. Einn nemandi úr árgangi er síðan umhverfishöfðingi og situr í umhverfisráðinu. Nemendur í Fossvogsskóla hafa flokkað pappír og fernur í tæplega 20 ár og verið verðlaunaðir af Sorpu og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrir góðan árangur (Starfsáætlun Fossvogsskóla 2010 – 2011).

Í tilefni af umhverfisdegi Menntasvið 13. september 2010 tóku nemendur og starfsfólk sig til og hreinsuðu beði á skólalóðinni og settu moltu í beðin. Molta varð til úr lífrænum úrgangi sem kemur frá nemendum sem afgangur frá nesti þeirra. Þannig sjá nemendur hringrás efnis með eigin augum. Hver hópur fékk úthlutað sínu beði sem þeir eiga að halda við og sjá um að séu hrein og snyrtileg. Nemendur læra að ganga vel um umhverfi sitt, læra að vinna saman og hvernig á að beita verkfærum og fá góða hreyfingu svo fátt eitt sé nefnt (Heimasíða Fossvogsskóla, frétt 14. sept. 2010).

Útikennsla markar einnig sérstöðu skólans. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum. Meginmarkmið útikennslunnar er að nemandinn fái tækifæri til að virkja öll skilningarvit sín með því að horfa, að hlusta, að lykta og snerta en einnig að efla félagsvitund nemandans. Í vettvangsathugunum var m.a. fylgst með nemendum í útikennslu í stærðfræði þar sem verkefnið var að mæla tré. Í vettvangslýsingu kemur fram að nemendahópurinn var virkur alla kennslustundina, kom sér fljótt að verki og þekkti greinilega verklagið í útikennslunni.

Markmið í lýðheilsu er m.a. að nemendur hreyfi sig í a.m.k. 60 mínútur á dag, liður í því er að ganga eða hjóla í skólann. Unnið hefur verið að því að kortleggja gönguleiðir og ferðamáta nemenda í skólann. Um leið og skólinn fær upplýsingar um hvernig nemendur koma í skólann, þ.e. gangandi, hjólandi eða er ekið, fást jafnframt upplýsingar um hættur á leið þeirra. Þessar upplýsingar eiga einnig að auðvelda Reykjavíkurborg að gera úrbætur á gönguleiðum til þess að tryggja öryggi á göngu- hjólaleiðum nemenda (Starfsáætlun Fossvogsskóla 2010-2011).

Skólinn var með í verkefninu *Lífsstíll 7-9 ára* árin 2006-2008, verkefnið kom vel út fyrir skólann og féll vel að þeirri lýðheilsustefnu sem skólinn hefur fylgt.

Skólinn tók á haustdögum þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þetta er fjölþjóðlegt verkefni sem Íslendingar taka þátt í nú í fjórða sinn og hefur Fossvogsskóli tekið þátt frá upphafi. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla, hvetja til aukinnar hreyfingar, kenna reglur um öryggi á göngu og hjóli. Nemendur í 6. og 7. bekk fá kennslu í hjólafærni. Kennar eru einfaldar viðgerðir, færni, öryggi og að nota hjólið til samgangna.

Lögð er áhersla á hollt mataræði sem hefur jákvæð áhrif á námsgetu og eykur vellíðan barnanna í skólanum, hvatt er til að nemendur komi með hollt nesti svo og að mötuneyti uppfylli kröfur Manneldisráðs um fjölbreyttan matseðil. Í rýnihópi foreldra kom þó fram að mötuneyti þyrfti að bæta til að ná lýðheilsu- og umhverfismarkmiðum.

Öryggisþættir

Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.

Áhættumat fór fram í júní 2007 og fóru þá skólastjóri, umsjónarmaður og öryggistrúnaðarmaður yfir öryggisþætti með vinnuumhverfissvísi Vinnueftirlitsins. Samantekt á þáttum sem enn þarfnast úrbóta liggur fyrir við matið. Þar kemur fram að nokkrir þessara þátta eru með hátt áhættumat, s.s. að rennihurðum í kennslustofum er erfitt að opna og loka, millihurðir valda klemmihættu, athuga þarf loftræstingu og hvassar brúnir eru á handriði í Austurlandi. Að sögn skólastjóra hafa ekki fengist umbeðnar úrbætur á þessum þáttum.

Ábendingar

- *Fossvogsskóli verður í fararbroddi í lýðheilsu- og umhverfismálum* segir í framtíðarsýn í stefnumótun skólans. Á undanförunum árum hefur verið lögð sérstök áhersla á umhverfis- og lýðheilsu- og umhverfismál í skólanum og hann fékk nýverið úthlutað Grænfánanum í fimmta sinn.
- Í skólanum er starfandi umhverfisráð. Í því sitja fulltrúar nemenda, kennara, stjórnenda, starfsfólks og foreldra. Ráðið hefur sett fram eftirfarandi umhverfismarkmið fyrir skólann:
- Nemendur í Fossvogsskóla hafa flokkað pappír og fernur í tæplega 20 ár og verið verðlaunaðir af Sorpu og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrir góðan árangur.
- Útikennsla markar einnig sérstöðu skólans. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum.
- Markmið í lýðheilsu er m.a. að nemendur hreyfi sig í a.m.k. 60 mínútur á dag, liður í því er að ganga eða hjóla í skólann. Unnið hefur verið að því að kortleggja gönguleiðir og ferðamátanemenda í skólann.
- Skólinn tók á haustdögum þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla.
- Lögð er áhersla á hollt mataræði sem hefur jákvæð áhrif á námsgetu og eykur vellíðan barnanna í skólanum.
- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunaæfing er haldin á hverju hausti.

- Áhættumat fór fram í júní 2007. Samantekt á þáttum sem enn þarfnast úrbóta liggur fyrir við matið, þar á meðal nokkrir þættir sem eru með hátt áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan á vinnustað

Í skólanum starfa 42 starfsmenn skólaárið 2010-2011 í 36,44 stöðugildum, þar af kennarar í 22,36 stöðugildum.

Á undanförunum árum hefur Fossvogsskóli komið vel út í þeim starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar. Árið 2007 var skólinn einn af þeim sem kom hvað best út úr umfangsmikilli vinnustaðargreiningu sem gerð var af Capacent í grunnskólum borgarinnar og fékk t.d. hæsta gildi allra grunnskóla við fullyrðingunni „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ (4,43)⁶. Niðurstöður viðhorfakönnunar starfsmanna sem gerð var á vegum borgarinnar vorið 2009 voru einnig jákvæðar, þar fékk skólinn einnig hátt gildi við sömu fullyrðingu (4,50) og almennt reyndust viðhorf starfsmanna gagnvart skólanum sem vinnustað mjög jákvæðar. Í opnum spurningum komu margir því á framfæri að starfsandi í skólanum væri mjög góður og samvinna góð.

Í rýnihópum og viðtölum nú kom fram mikil ánægja með starfsandann, sagt var að fólki liði vel á vinnustaðnum, samskipti og samvinna væri afar góð og umhyggjusemi og vinátta einkenni samskiptin. Það kom einnig var að samstarfsmenn veittu hvor öðrum mjög jákvæða endurgjöf og væru styðjandi.

Þegar þátttakendur í rýnihópum voru beðnir um að nefna helstu kosti skólans bar góðan starfsanda oftast á góma, gott starfsfólk þar sem allir tækju ábyrgð, staðsetningu og umhverfi skólans og áhersla skólans á lýðheilsu og umhverfisstefnu.

Samstarf

Í stefnukorti Fossvogsskóla er eitt af meginmarkmiðum í víddinni innra starf: Öflugt samstarf starfsfólks. Í sérstökum kafla er fjallað um samstarfið, þar segir m.a.:

Í Fossvogsskóla er mikið lagt upp úr samstarfi kennara. Þeir þurfa í sameiningu að samræma áætlanir, skipuleggja vinnu á valsvæðum, skipta með sér verkum við verkefnaval og kennslu og deila með sér ábyrgð á hópi barna sem er á þeirra svæði. Virkt samstarf krefst þess að kennarar geti myndað sér skoðun í hverju máli, þori að láta hana í ljós og séu færir um að rökstyðja hana. Þeir þurfa líka að geta fallist á málamiðlun komi ekki annað til greina. Samstarf kennara er mikilvægt enda það grundvallaratriði sem allt starf þeirra stendur og fellur með (Starfsáætlun. Samstarf kennara).

Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og árgangafundum.

Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði, árgangafundir vikulega og svokallaðir

Landafundir einu sinni í mánuði. Frátekinn er tími í vinnurammanum fyrir símenntunarfundi á fimmtudögum. Einnig eru leshringir á fimmtudögum að sögn starfsmanna. Ekki eru formlegir fundir í fyrir þá sem vinna að sérkennslu, en deildarstjóri fundar með einstaklingum eftir þörfum.

^{6 6} Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

Í rýnihópum kom fram að almennt telja starfsmenn fundi í skólanum vera að nýtast ágætlega. Almennu starfsmennirnir voru ánægðir með fræðslufundina í skólanum og sérstaklega *Uppeldi til ábyrgðar*.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 97% svarenda í Fossvogsskóla frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „Samvinna er góð á mínum vinnustað“. Mikill meirihluti (87%) var einnig sammála fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað miðlar þekkingu sín á milli“. Fossvogsskóli leggur áherslu á móttöku nýrra starfsmanna og jafnrétti í starfsmannastefnu sinni sem er að finna í starfsáætlun skólans fyrir 2010-2011. Í tengslum við innleiðingu uppbyggingarstefnunar *Uppeldi til ábyrgðar* gerðu starfsmenn með sér ákveðinn sáttmála um samskipti á vinnustaðnum.

Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 78% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og tæp 81% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“.

Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði .

Ábendingar

- Á undanförunum árum hefur Fossvogsskóli komið vel út í þeim starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar.
- Í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ gildið 4.50 og almennt reyndust viðhorf starfsmanna gagnvart skólanum sem vinnustað mjög jákvæðar.
- Í rýnihópum og viðtölum nú kom fram mikil ánægja með starfsandann, sagt var að fólki liði vel á vinnustaðnum, samskipti og samvinna væri afar góð og umhyggjusemi og vinátta einkenndi samskiptin.
- Í stefnukorti Fossvogsskóla er eitt af meginmarkmiðum í víddinni innra starf: Öflugt samstarf starfsfólks. Í sérstökum kafla er fjallað um samstarfið, þar kemur m.a. fram að mikið er lagt upp úr samstarfi kennara.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og árgangafundum og fræðslufundum. Í rýnihópum kom fram að almennt telja starfsmenn fundi í skólanum vera að nýtast ágætlega.
- Í tengslum við innleiðingu uppbyggingarstefnunar *Uppeldi til ábyrgðar* gerðu starfsmenn með sér ákveðinn sáttmála um samskipti á vinnustaðnum.
- Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 78% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og tæp 81% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði .

Aðbúnaður

Í rýnihópum starfsmanna var fólk var beðið um að nefna sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og komu þá fram ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara, s.s. að raungreinakennslan mætti vera öflugri; raungreinakennslustofan væri ekki nýtt eins og til stóð, tónmenntakennslu vantaði við skólann og skólinn stæði illa hvað tæki varðaði og starfsmenn myndu einnig vilja sjá betri leikaðstöðu á skólalóðinni fyrir nemendur. Einnig að íþróttasalur sé of lítill. Nokkuð var talað um skort og niðurskurð; það vantað stærðfræðigögn og skjávarpa vantaði í stofur.

Það kom einnig fram að aðbúnaði í eldhúsi væri ábótavant og staðsetning mótuneytis væri óheppileg, vinnuaðstaða fyrir starfsmenn í eldhúsi að sumu leyti slæm og tækjakostur auðveldaði fólki ekki vinnuna og var t.d. þanna nefnd í því sambandi. Einnig kom fram að starfsmönnum finnst of lítil tími gefinn til að matast „það gengur allt of hratt og máltíðirnar verða ekki gæðastund“.

Starfsmenn í rýnihópum voru ánægðari með eldra skólahúsið en það nýrra sem hentar verr fyrir opna kennsluhætti. Mat þeirra var að viðbyggingin væri illa hönnuð, þar vantaði geymslur, vaska og kennslustofur í kjallara væru ekki góðar.

Í viðhorfakönnuninni vorið 2009 mælist fullyrðingin „Ég hef aðgang að gögnum og tækjum sem til þarf“ á styrkleikabili en um 87% svarenda voru þessari fullyrðingu sammála. Um 84% svarenda var sammála fullyrðingunni „Vinnuaðstaða mín er góð“. Viðhorf gagnvart vinnuaðstöðu voru nokkuð jákvæðari í könnuninni í Fossvogsskóla en að meðaltali í grunnskólum borgarinnar.

Ábendingar

- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru einstaklingsmiðað nám, byrjendalæsi og endurskoðun á námsmati. Einnig verður haldið áfram með símenntun í tengslum við *Olweus* og *Uppeldi til ábyrgðar*.

Áætlunin nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð skilgreind. Uppsetningin er skýr og einnig gerir hún ágætlega grein fyrir leikreglum um símenntun. Helstu athugasemdir lúta að því að skilgreina mætti árangur betur, þ.e. þann árangur sem vænst er af símenntuninni og einnig mætti meta símenntunarfærir starfshópa/einstaklinga innan skólans.

Umræða um símenntun var almennt jákvæð, nefndir voru leshringir og einnig kom fram ánægja með símenntun er tengist innleiðingu skólans á uppbyggingarstefnunni sem allir starfsmenn taka þátt í. Vel var látið af fræðslufundum innan skólans og það kom fram að faglegur metnaður einkenndi starfið, fólk væri almennt duglegt að sækja sér endurmenntun bæði innan skóla sem utan. Það kom helst fram í hópi almennra starfsmanna að lítil símenntun væri í boði fyrir þá utan skólans. Fjármögnun símenntunar bar aðeins á góma, og kom fram að símenntun væri mikið fjármögnuð úr Vonarsjóði KÍ.

Þátttakendur í rýnihópum voru spurðir um starfsþróunarsamtöl og kom fram í rýnihópi kennara að þau væru framkvæmd á vorin, skólastjóri tæki samtölin og kennarar yrðu að undirbúa sig vel. Almennri ánægju var lýst með samtölin. Í hópi almennra starfsmanna kom fram að einhver misbrestur væri á því að þeir færu árlega í samtöl og kom fram að starfsmaður sem hefur unnið á vinnustaðnum í nokkur ár hefði aldrei farið í slíkt samtal. Þeir starfsmenn lýstu hinsvegar miklum óformlegum samskiptum við skólastjórnendur.

Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% starfsmanna sem voru því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum. Þá kom einnig fram í könnuninni að 68% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum þar á

undan, sem var mjög svipað 2008 (69%). Árið 2009 töldu 80% svarenda samtalið mjög eða frekar gagnlegt.

Ábendingar

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru einstaklingsmiðað nám, byrjendalæsi og endurskoðun á námsmati. Einnig verður haldið áfram með símenntun í tengslum við Olweus og *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Áætlunin nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð skilgreind. Uppsetningin er skýr og einnig gerir hún ágætlega grein fyrir leikreglum um símenntun.
- Umræða um símenntun var almennt jákvæð, nefndir voru leshringir og einnig kom fram ánægja með símenntun er tengist innleiðingu skólans á uppbyggingarstefnunni sem allir starfsmenn taka þátt í. Vel var látið af fræðslufundum innan skólans og það kom fram að faglegur metnaður einkenndi starfið.
- Almennri ánægju var lýst með starfsmannasamtöl, en í hópi almennra starfsmanna kom fram að einhver misbrestur væri á því að þeir færu árlega í samtöl.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% starfsmanna sem voru því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum.
- Þá kom einnig fram í könnuninni að 68% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

Í vinnustaðargreiningum/viðhorfakönnunum undanfarin ár hafa viðhorf til stjórnunar mælst fremur jákvæð. Kannanir árin 2007 og 2009 gáfu til kynna að starfsmenn væru frekar ánægðir með stjórnunina (gildin 4,0 og 4,03) en árið 2008 voru starfsmenn mun neikvæðari (3,62). 80% starfsmanna voru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu árið 2009 að skólanum væri vel stjórnað. Fullyrðingar er mæla viðhorf gagnvart trausti til yfirmanns og ánægju með samskipti við yfirmann mældust nokkuð jákvæðari í Fossvogsskóla árið 2009 en að meðaltali í grunnskólum.

Í rýnihópum kom fram að fólk taldi sig almennt fá hrós og endurgjöf frá stjórnendum. Það kom fram að stjórnendur væru mjög sýnilegir og auðvelt að hitta á þá. Starfsmönnum er vel treyst fyrir verkefnum og almennt væri fólki í mun að standa vel undir því trausti sem því væri sýnt. Í rýnihópum kennara kom fram að deildarstjóri er „kennurum mjög innan handar ... viljugur og sýnilegur“.

Það kom þó fram að stjórnendur mættu vera meira sýnilegir í kennslustundum og fylgjast betur með verkefnum nemenda. Það kom einnig fram að skólastjóri þætti „foreldramiðaður“ og að hann mætti sýna starfsfólki meiri stuðning í erfiðum málum.

Ábendingar

- 80% starfsmanna voru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu í viðhorfakönnun árið 2009 að skólanum væri vel stjórnað.
- Fullyrðingar er mæla viðhorf gagnvart trausti til yfirmanns og ánægju með samskipti við yfirmann mældust nokkuð jákvæðari í Fossvogsskóla árið 2009 en að meðaltali í grunnskólum.
- Í rýnihópum kom fram að fólk taldi sig almennt fá hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Það kom fram að stjórnendur væru mjög sýnilegir og auðvelt að hitta á þá.

- Það kom þó fram að stjórnendur mættu vera meira sýnilegir í kennslustundum og fylgjast betur með verkefnum nemenda. Það kom einnig fram að skólastjóri þætti „foreldramiðaður“ og að hann mætti sýna starfsfólki meiri stuðning í erfiðum málum.

Viðvera starfsmanna

Farið var yfir forföll kennara á vorönn 2010. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5,4 kennslustundir.⁷ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í um 28,3 kennslustundir á önninni⁸, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 5,2 kennsludaga á vorönn 2009.⁹

Á sama hátt var farið yfir forföll starfsmanna annarra en kennara. Að meðaltali voru þeir fjarverandi 4,5 daga á önninni.

Langtímafjarvera vegna veikinda eða leyfa er ekki meðtalin.

Ábendingar

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 5,2 kennsludaga á haustönn 2009.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 4,5 daga á haustönn 2009
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

⁷ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁸ Vetrarorlof, langtíma veikindi og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

⁹ Meðaltalsfjarvera kennara í þeim 18 skólum þar sem heildarmat hefur farið fram er tæpir 6 dagar á önn.

Fjármál

Úthlutun fjármagns og rekstraráætlun

Í stefnukorti Menntasviðs fyrir 2010 er markmiðið í víddinni fjármál: Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármála.

Grunnskólar Reykjavíkur fá úthlutað fjármagni til reksturs samkvæmt reiknilíkani Menntasviðs þar sem helstu viðmið eru nemendafjöldi og stærð húsnæðis.

Skólum er gert að skila rekstraráætlun til fjármálaþjónustu Menntasviðs þar sem fram kemur hvernig þeim fjármunum sem skólinn fær til reksturs hvert fjárhagsár verður ráðstafað. Menntasvið yfirfer rekstraráætlun og metur hvort hún er innan fjárheimilda. Fossvogsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.

Fjárhagsleg staða skólans

Heildarfjárheimildir Fossvogsskóla fyrir árið 2008 voru að upphæð 282.816 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 283.764 þús. kr.

Heildarfjárheimildir Fossvogsskóla fyrir árið 2009 voru að upphæð 302.230 þús. kr., þar með er talin úthlutun til sérkennslu og kennslu nýbúa. Útgjöld ársins námu 311.538 þús. kr.

Ábendingar

- Fossvogsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Greining

Styrkleikar: Námsárangur er góður og nemendum líður almennt vel í skólanum. Foreldrar eru ánægðir með skólann. Starfsandi er góður og starfsfólk er ánægt með samvinnu og samskipti. Markvisst hefur verið unnið að umhverfismálum og útikennslu.

Veikleikar: Dregið hefur úr áherslu á list- og verkgreinar og engin tónmenntakennsla er við skólann. Skipurit og starfslýsingar liggja ekki fyrir.

Ögranir: Viðbygging við skólann hentar ekki vel þeim vinnubrögðum sem skólinn leggur áherslu á.

Tækifæri: Styrkja hugmyndafræði um einstaklingsmiðað nám og opinn skóla. Efla enn frekar fjölbreytta kennsluhætti. Kynna sérstöðu skólans enn betur fyrir foreldrum.

Samantekt ábendinga

Skólastarf

Námsárangur

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk 2010 er betri en í grunnskólum Reykjavíkur að meðaltali (79% miðað við 72% í borginni allri) og herra hlutfall nemenda í Fossvogsskóla telst geta lesið sér til gagns en að meðaltali (81% miðað við 67% í borginni allri).
- Árangur í lesskimun vorið 2010 er betri en árið áður (71%) og hlutfallslega fleiri nemendur teljast geta lesið sér til gagns (81% miðað við 77% árið áður).
- Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendur í 3. bekk í Fossvogsskóla í nóvember 2009. Meðaltalsárangur var mælitalan 11.2 en meðalárangur nemenda í Reykjavík í þeim þætti prófsins var mælitalan 10.7.
- Í Fossvogsskóla stóðust 70% nemenda viðmiðin í fyrsta þrepi (69% í Reykjavík að meðaltali) og aðeins þrír nemendur töldust líklegir til að þurfa stuðning í stærðfræði.
- Meðaltalsárangur nemenda í Fossvogsskóla á samræmdum könnunarprófum í 4. og 7. bekk haustið 2009 er í öllum greinum yfir landsmeðaltali og yfir meðaltali borgarinnar.
- Framfarastuðlar nemenda í íslensku (1.01) og stærðfræði (1.00) í 7. bekk 2009 sýna venjulegar framfarir nemenda.

Stjórnun

- Skólastjóri og þrír deildarstjórar mynda stjórnunarteymi skólans og er þetta þriðja árið sem það er þannig skipað.
- Skipurit skólans kemur ekki fram í starfsáætlun fyrir 2010-2011. Starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn skólans liggja ekki fyrir við matið.
- Einn deildarstjóranna er í 100% stjórnunarstarfi, hann er staðgengill skólastjóra, deildarstjóri sérkennslu er í 75% starfi og deildarstjóri yngra stigs í 50% starfi sem stjórnandi og 50% sem kennari.
- Stjórnendateymið hittist á föstum fundum einu sinni í viku til að fara yfir skipulag og verkaskiptingu.
- Í spurningu um stjórnun skólans í foreldrakönnun 2010 segjast 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera mjög ánægð. Meðaltalsánægja með stjórnun árið 2010 var 4,2 sem er aðeins yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í rýnihópi foreldra kemur fram að samvinna við stjórnendur skólans sé almennt góð og þeim finnst vera hlustað á foreldra.

- Starfsmenn í rýnihópum meta samskipti við skólastjórnendur mjög góð, og segja þá vera aðgengilega og sýnilega í daglegu starfi.
- Deildarstjórar eru nefndir sérstaklega og sagðir styðja vel við kennara, vera duglegir að hrósa og alltaf til taks þegar kennarar þurfa á að halda.
- Frátekinn tími fyrir fasta fundi er þrisvar í viku, á þá tíma raðast starfsmannafundur, „landafundur“, árgangafundur og þróunar- eða kynningafundur. Viðvera starfsmanna er bundin á þessum tíma þegar ekki er boðað til funda.
- Skóladagur nemenda í 5.-7. bekk hefst með kennslu kl. 8:10 en kl. 9:00 hjá 1.-4. bekk. Skóladegi lýkur kl.14:10. Á töflu 1.-4. bekkja eru skráðir 30 tímar og á töflu 5.-7. bekkja 35 nemendatímar.
- Stundatöflur eru samfelldar í öllum árgöngum og dagar jafnlangir. Sundtímar falla inn í töflu og er það breyting frá því sem áður var.
- Skipulegt samstarf er við leikskólana þrjá í hverfinu og gagnkvæmar heimsóknir.
- Nokkuð samstarf er milli grunnskólanna í hverfinu, stjórnendur hittast á sameiginlegum fundum og eru í góðu sambandi að sögn skólastjóra, „en það mætti vera meira“. Nemendur í 7. bekk fara í heimsókn í Réttarholtsskóla sem er safnskóli fyrir barnaskólana tvo í hverfinu og nemendur þaðan koma í Fossvogsskóla og kynna skólann.
- Samstarf er við kirkjuna, íþróttafélagið Víking og íbúasamtök í hverfinu og er gerð grein fyrir því í starfsáætlun skólans.

Stefna og starfsáætlun

- Starfsáætlun Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 var yfirfarin á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs haustið 2010 og telst hún samkvæmt því mati vera að mestu leyti í samræmi við þær kröfur sem Menntasvið gerir um starfsáætlanir grunnskóla Reykjavíkur.
- Stefna Fossvogsskóla er sett fram í starfsáætlun skólans. Skilgreint er hlutverk Fossvogsskóla; að búa nemendur sem best undir lífið, þannig að hæfileikar þeirra nýtist og verði þeim til farsældar.
- Sérstaða skólans er: Fjölbreytt og skapandi nám. Grænn skóli. Félagsleg hæfni nemanda. Lýðheilsa. Framtíðarsýn er sett fram til 2012 og einkunnarorð Fossvogsskóla eru: ... vertu til að leggja hönd á plóg ...
- Í spurningakönnun sem lögð var fyrir starfsmenn Fossvogsskóla í júní 2010 var m.a. spurt um hvort kennarar telja framtíðarsýn skólans hafa áhrif á skólastarfið, 85% eru því frekar, mjög eða algjörlega sammála.
- Foreldrar í rýnihópi telja sig þekkja stefnu um opinn skóla og einstaklingsmiðað nám en segja jafnframt að kynna þurfi hugmyndafræðina um opinn skóla betur og hvað í henni felst, sérstaklega fyrir nýjum foreldrum.

Nemendur og líðan

- Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur vorið 2009 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Fossvogsskóla sú að 86.8% nemenda svöruðu að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum. Það er yfir meðaltali allra grunnskóla í landinu sem var 72.4% (Ungt fólk, 2009).
- Í könnun Skólapúlsins sem lögð var fyrir úrtak nemenda úr 6.-7. bekk Fossvogsskóla í apríl 2010 hefur ánægja af lestri og áhugi á stærðfræði aukist lítillega frá síðustu mælingu í febrúar. Spurningar er varða líðan nemenda; um sjálfsálit stjórn á eigin lífi, kvíða og vanlíðan koma betur út en áður og sömuleiðis spurning um einelti. Einnig koma spurningar sem varða skóla- og bekkjaranda betur út en áður.

- Foreldrar barna í Fossvogsskóla mátu líðan barna sinna í skólanum upp á skorið 4,3 í foreldrakönnun 2010. Meðaltalið í borginni allri var 4,1.
- Skólinn er þátttakandi í Olweusarverkefni gegn einelti og beitir aðferðafræði Olweusar við úrlausn eineltismála og í forvörnum við einelti.
- Eineltiskönnun er gerð árlega. Í könnun sem lögð var fyrir í nóvember 2009 í 4.-7. bekk kemur fram að 5,2% nemenda telja sig hafa orðið fyrir einelti. Mun lægra einelti mælist meðal stelpna (2,7%) en stráka (7,5%). Dreigið hefur verulega úr einelti frá fyrra ári meðal beggja kynja.
- Engir nemendur segjast hafa verið lagðir í einelti í ár eða lengur.
- Af 74 foreldrum í Fossvogsskóla er svöruðu spurningu um hvort barn þeirra hefði verið lagt í einelti í skólanum, segja ellefu eða 15%, svo vera. Meðaltalið fyrir skólana alla er 27%. (Foreldrakönnun 2010).
- Nemendur í rýnihópum tala um að þeim líði ágætlega í skólanum og telja sig örugg og halda að öðrum líði líka vel, en þó „mismunandi“.
- Nemendur telja að það sé lítið um einelti nú, en var meira áður og þau tengja það ákveðnum árgangi. Ef einelti kemur upp er tekið á því, segja þau.
- Nemendur tala almennt vel um kennara sína, þeir eru fínir, sumir strangir en „hjálpa líka mikið“.

Stjórn nemendafélags

- Stjórn nemendafélags Fossvogsskóla er skipuð fulltrúum nemenda úr 6.og 7. bekk og fer kjör fram í 6. bekk og situr hver fulltrúi í tvö ár. Samkvæmt lögum félagsins á að kjósa í ráðið í báðum árgöngum.
- Verkum er ekki skipt með formlegum hætti milli fulltrúa ráðsins; hvorki er formaður né ritari.
- Stjórnin skipuleggur viðburði í félagslífi nemenda í 6. og 7. bekk.
- Fulltrúar í ráðinu virðast ekki nægilega meðvitaðir um reglur varðandi kjör þeirra og fleira er tengist starfi þeirra í stjórn nemendafélagsins.
- Seta í skólaráði skiptist á milli nemenda og er til árs í senn. Að sögn nemenda velur skólastjóri nemendur í skólaráð, en í 3. gr. reglugerðar um skólaráð skulu þeir kjörnir af nemendum, þar sem einnig er kveðið á um að seta fulltrúa í ráðinu eigi að vera til tveggja ára.

Reglur og agi

- Fossvogsskóli vinnur eftir *Uppeldi til ábyrgðar*. Það felur m.a. í sér að reglum er breytt í hlutverk og áhersla er lögð á að nemandinn læri af mistökum sínum og fái tækifæri til að bæta fyrir þau.
- Lýsingar á ásættanlegri hegðun og hlutverkum kennara og nemenda í ólíkum aðstæðum uppfylla að mestu kröfur um skólareglur eins og þær birtast í grunnskólalögum nr.91/2008.
- Hver hópur gerir sér bekkjarsáttmála að hausti sem eru samskipta- og umgengnireglur. Í vettvangsheimsóknnum mátti sjá reglurnar víða í stofum, sums staðar enn í mótun.
- Nemendur í rýnihópum þekkja skólareglur og finnst sumum þær skýrar en öðrum óskýrar eða skrítnar. Þau þekkja líka viðurlögin, það er „talað við kennarann og talað við skólastjórann“, og þeim finnst ekki hart tekið á brotum.
- Jákvæðni og hrós er hluti af *Uppeldi til ábyrgðar* og bæði kennarar og nemendur í rýnihópum segja hrósið mikið notað.
- Í kennslustundum sem heimsóttar voru mátti almennt sjá styrka stjórn kennara og góðan vinnufrið.
- Hjá nemendum kemur fram að vinnufriður sé mismunandi, „fer eftir því hvað er verið að gera“ og stundum segja þau erfitt að fá hljóð.

- Í foreldrakönnun 2010 kom fram að um 91% svarenda í Fossvogsskóla fannst aginn hæfilegur sem er yfir meðaltali í borginni allri (tæp 83%).
- Fjarvera nemenda vegna veikinda, leyfa eða fjarvista er lítil og hlutfallslega minni en almennt gerist. Fjarvistir (óheimilar) eru engar.

Viðhorf foreldra og þátttaka í skólastarfi

- Öflugt samstarf heimila og skóla er eitt af meginmarkmiðum í stefnukorti skólans. Fjallað er um það í starfsáætlun og á heimasíðu, þar birtast líka upplýsingar um skólaráð, foreldrafélag og verkefni bekkjarfulltrúa.
- Helstu niðurstöður eru þær að 95% foreldranna segjast vera ánægð með skólann, þar af segjast 48% vera *mjög ánægð*. Meðaltalsánægja foreldra er 4.4 (af 5) í Fossvogsskóla sem herra en að meðaltali í borginni allri (4.1).
- Í spurningu í foreldrakönnun um stjórnun skólans sögðust 88% vera ánægð með stjórnunina, þar af segjast 31% vera *mjög ánægð*. Ánægja foreldra í Fossvogsskóla með stjórnunina var 4,2 sem er yfir meðaltali í borginni (4,0).
- Í heildina kemur skólinn mjög vel út í foreldrakönnuninni fyrir árið 2010. Ánægja er yfir meðaltali í spurningum um ánægju með skólann almennt, stjórnun skólans, umsjónarkennara, líðan nemenda, aga, námslegar kröfur, heimavinnu og viðbrögð við einelti. Þá hækkar skólinn mikið á milli kannanna í mörgum lykilsurningum.
- Skólinn er undir meðaltali grunnskóla í spurningu um viðbrögð við einelti í foreldrakönnun.
- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með skólann „hér er allt í góðu“ og „margt vel gert“.
- Samvinna við stjórnendur og kennara er góð að mati rýnihóps foreldra, en þó er líka nefnt að skólinn fari stundum í vörn ef foreldrar gagnrýna meðferð mála.
- Skólaráð fundar einu sinni í mánuði, það starfar skv. lögum og reglugerð, þar situr skólastjóri og þrír fulltrúar starfsmanna skólans auk fulltrúa foreldra og nemenda.
- Fundargerðir ráðsins eru skrifaðar eftir fundi og settar á heimasíðu.
- Foreldrafélag er starfandi við skólann, stjórnin fundar reglulega og fundað er með bekkjarfulltrúum að hausti. Foreldrafélagið er virkt og öflugt að mati skólastjóra.

Upplýsingamiðlun og samskipti

- Foreldrar í rýnihópi eru ánægðir með upplýsingar um skólastarfið frá kennurum, en þær eru þó mismunandi eftir kennurum að þeirra sögn. Mentor er meira notaður nú en áður.
- Heimasíðan er einnig mjög góð og virkur fréttamiðill að mati rýnihóps foreldra, en nokkurrar óánægju gætti með upplýsingaflæði almennt frá skólanum, sérstaklega þegar breytingar eru gerðar á skipulagi skólastarfs.
- Í foreldrakönnun 2010 sögðust rúm 91% foreldra barna í skólanum vera ánægð með upplýsingaflæði frá skólanum, þar af voru um 36% mjög ánægð
- Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2010-2011 er kafli um samskipti heimila og skóla. Þar kemur fram áhersla á öflugt samstarf við foreldra. Taldar eru upp ýmsar leiðir sem farnar eru til að ná þessu markmiði.
- Það er mat kennaranna að samskipti við foreldra séu almennt góð.

Verklag

Fjölbreyttar leiðir í námi

- Meðal markmiða í stefnukorti Fossvogsskóla er nám við hæfi hvers og eins og fagleg og árangursrík kennsla.

- Í kafla um einstaklingsmiðað nám í starfsáætlun skólans segir að skólinn hafi þróað einstaklingsmiðað nám í anda opna skólans þar sem áhersla er lögð á að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins.
- Í námsvísunum árganga og greina kemur fram að farið sé fjölbreyttar leiðir í náminu og ólíkar leiðir eftir greinum. Í námsáætlunum nemenda kemur ekki fram þessi áhersla á fjölbreyttar leiðir heldur virðist vinnan mest bundin námsbókum, að frátaldri útikennslu og verklegum greinum.
- Í rýnihópi kennara kemur fram að fjölbreytni í námi og kennslu birtist ekki síst í útikennslu og lýðheilsuáætlunum. Einnig kemur fram að efla þurfi kennslu í raungreinum og náttúrufræði.
- Enginn tónmenntakennari er við skólann í vetur og fellur tónmenntakennsla niður. Í rýnihópum bæði foreldra og kennara kemur fram óánægja með það. Víða koma fram í rýnihópum áhyggjur af því að dregið sé úr vægi list- og verkgreina sérstaklega í yngri deildum.
- Í vettvangsathugunum voru nemendur oftast að vinna að verkefnum undir stjórn kennara allir að sama eða hliðstæðu verkefni eða í um þriðjungum þeirra stunda sem heimsóttar voru. Innlögn og umræður voru í tæplega 20% stundanna og verklegt í 20%. Fjölbreyttust voru vinnubrögðin í yngstu hópnum.
- Í stefnumótun skólans er sérstaða skólans tilgreind sem: Fjölbreytt og skapandi nám. Grænn skóli. Félagsleg hæfni nemanda. Lýðheilsa. Í kafla um sérstöðu skólans í starfsáætlun er fjallað um ýmsa þætti sem einkenna skólastarfið og tengjast flestir opna skólanum.
- Í allri stefnumótun skólans kemur fram áhersla á umhverfis- og lýðheilsuáætlun. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum.
- Í starfsáætlun skólans er greint frá því að unnið verður að endurskoðun námsmats í skólanum veturinn 2010-2011. Í námsvísunum kemur fram mikil áhersla á símat og á að meta áhuga og virkni nemenda ekki síður en þekkingu. Nemendur fá skriflegan vitnisburð í formi umsagna afhentan tvisvar á ári eftir áramót og að vori.
- Skólastarfið var metið út frá matstæki um einstaklingsmiðað nám og er skólinn í flestum þáttum kominn nokkuð áleiðis í átt til einstaklingsmiðaðs náms, heildarútkoma er 3.5 stig á kvarðanum 1-5. Lengst er skólinn kominn í viðhorfastoðinni.
- Nemendur gera eigin áætlanir um hluta náms síns undir stjórn kennara og einstaklingsnámskrár eða aðlagðar námskrár eru gerðar fyrir þá sem þurfa sérkennslu. Víða kemur fram í gögnum skólans áhersla á að nemendur þjálfist í að bera ábyrgð á eigin námi.
- Flestar kennslustundir sem heimsóttar voru teljast góðar (súla 2 á myndinni) eða 74% og 9% (súla 1 á myndinni) til viðbótar frábærar, nemendur eru almennt virkir og fara að fyrirmælum og bekkjarstjórnun kennara almennt örugg. 13% kennslustundanna teljast viðunandi (súla 3), og 4% kennslustunda sem heimsóttar voru teljast óviðunandi
- Sóknarfæri er fyrir skólann að gera kennsluna enn betri með fjölbreyttum og krefjandi verkefnum nemenda.

Sérkennsla

- Deildarstjóri sérkennslu í 75% starfi sér alfarið um þennan þátt skólastarfsins og vinnur sjálfstætt í umboði skólastjóra. Deildarstjórinn sér um skipulag sérkennslunnar, raðar tímum og verkefnum á kennara í sérkennslu og stuðningsfulltrúa
- Í starfsáætlun skólans kemur fram að unnið er eftir hugmyndafræði skóla án aðgreiningar sbr. grunnskólalögin, Aðalnámskrá grunnskóla og sérkennslustefnu

Reykjavíkurborgar. Að mati rýnihóps um sérkennslu er unnið markvisst eftir stefnunni.

- Val á nemendum í sérkennslu fer eftir samræmdum viðmiðunum og niðurstöðum prófa. Fari nemandi í sérkennslu felur það í sér breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluáðferðum.
- Sérkennslan fer fram bæði utan og innan bekkjar. Á yngra svæðinu er stuðningur meira veittur inni í stofu, en á eldra svæði eru einstaklingar og hópar teknir út. Engir nemendur eru meginhluta skóladags síns í námsveri.
- Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir þá nemendur sem víkja verulega frá. Deildarstjóri sér um gerð þeirra í samráði við kennara og þroskaþjálfara og foreldrum er boðið að gera athugasemdir eða bæta við.
- Sérkennslan hefur til umráða rúmgott og bjart vinnusvæði sem áður var vinnuaðstaða kennara og bókasafn. Auk þess eru notuð ýmis rými ef þarf, kemur fram í rýnihópi.
- Tölvukostur námsversins er ekki góður að mati rýnihóps um sérkennslu.
- Enginn mikið fatlaður nemandi er við skólann í ár, en að mati rýnihóps væri hægt að skapa aðstöðu ef til þess kæmi.
- Viðhorf er jákvætt í skólanum til barna með sérþarfir, „það er alltaf reynt að leysa málin“ og sérstaklega er fylgst með því að þau taki þátt námslega og félagslega.
- Samstarf og upplýsingaflæði um sérkennsluna innan skólans er mest óformlegt og sjaldan sérstakir formlegir fundir að sögn rýnihóps um sérkennslu.
- Áhersla er lögð á að í námsveri sé miðstöð ráðgjafar og sérkennslu, þar sem ráðgjöfin kemur fyrst og síðan kennslan.
- Samstarf við þjónustumiðstöð er helst í gegnum sálfræðinginn, en „auðvelt er að leita aðstoðar ef þarf“, segir í rýnihópi.
- Stuðningsteymi (lausnateymi) fundar hálfsmánaðarlega í því sitja auk, deildarstjóra sérkennslu, deildarstjóri yngra stigs, þroskaþjálfari og tveir kennarar. Málum og ráðgjöf við einstaka kennara er beint þangað.
- Nemendaverndarráð fundar tvisvar í mánuði. Athugasemd kemur fram um fundirnir séu ekki að öllu leyti markvissir

Skólaþróun, mat og upplýsingamiðlun

- Fossvogsskóli á sér langa hefð sem opinn skóli. Í starfsáætlun, kafla um sérstöðu skólans koma fram þættir sem tengjast opna skólanum. Í nýrri stefnumótun kemur ekkert fram um opinn skóla og því vaknar sú spurning hvaða þætti skólustarfsins má rekja til þess þróunarstarfs – eða hefur þetta þróunarstarf horfið í stefnubreytingum síðustu ára.
- Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst að umhverfis- og lýðheilsumálum í Fossvogsskóla. Grænfánaverkefnið er dæmi um það, en nýlega fékk skólinn Grænfánann afhentan í fimmta sinn. Einnig er það stefna skólans að hvetja nemendur til hreyfingar, hvatt er til að nemendur komi gangandi eða hjólandi í skólann og að þeir hreyfi sig a.m.k. eina klst. á dag.
- Sjálfsmatsaðferðir Fossvogsskóla voru metnar í úttekt á vegum Menntamálaráðuneytisins vorið 2009 og töldust sjálfsmatsaðferðir fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmats fullnægjandi að hluta þar sem sjálfsmatsáætlun vantaði. Úr því hefur síðan verið bætt.
- Sjálfsmatsskýrsla Fossvogsskóla fyrir árið 2009-2010 liggur fyrir við matið, hún er unnin í vefkerfinu *Skoldialogen*.
- Fyrir liggur aðgerðaáætlun í samhæfðu árangursmati fyrir skólaárið 2010-2011 í fjórum víddum: Ekki kemur fram að hve miklu leyti aðgerðaáætlun byggir á sjálfsmatinu.

- Á morgunfundum með foreldrum á síðasta skólaári var þeim boðið að skrá tvö atriði sem þeir voru ánægðir með í skólastarfinu og tvö sem þeir töldu að betur mætti fara. Samantekt þessara ábendinga liggur fyrir við matið.
- Á starfsdegi í júní 2010 var starfsfólki skipt í hópa og beðið að ræða spurningar um stefnu skólans, samstarf starfsfólks, uppeldi til ábyrgðar, lýðheilsุมál, rekstur skólans og framtíðarsýn. Niðurstöður eru teknar saman frá hverjum hópi fyrir sig en ekki kemur fram hvernig vinna á áfram og nýta niðurstöðurnar.
- Starfsáætlun og skólanámskrá Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2010-2011 liggja fyrir við matið ásamt stefnumörkun í samhæfðu árangursmati og er þar gerð grein fyrir flestum þáttum skólastarfsins
- Markmið námsgreina eru sett fram í námsvísuim fyrir hvern árgang og hverja námsgrein. Námskrá skólans byggir á markmiðum sem sett eru fram í aðalnámskrá grunnskóla 2007.
- Í hverri námsgrein koma fram meginmarkmið, lýsing á námsmati, lýsing á markmiðum, efnisþættir, námsefni og leiðir.
- Í námsáætlunum sem gerðar eru ýmist til einnar eða tveggja vikna, kemur fram hvað á að vinna í hverri grein og hverri námsbók en nemendur deila sjálfir vinnunni niður á daga vikunnar og ráða sjálfir yfirferð í svokölluðum aukabókum. Þetta er þó misjafnt eftir árgöngum.
- Heimasíða Fossvogsskóla er aðgengileg og fréttir eru uppfærðar reglulega. Upplýsingar fyrir foreldra um skólastarf birtast í námsvísuim fyrir hvern árgang
- Upplýsingar um skólastarf á öðrum tungumálum en íslensku er aðeins að finna á spænsku, annars er á heimasíðunni fjallað um nær allt sem ætlast er til að þar sé að finna.
- Foreldrar í rýnihópi lýstu sérstakri ánægju með upplýsingar á heimasíðu skólans og fréttir sem þar birtast úr skólastarfi og af afrekum nemenda. Þó telja þeir að betur þyrftu að koma fram „grunnatriði um stefnu“, s.s. hvað felst í hugtakinu opinn skóli.

Öruggt, heilnæmt og vistvænt skólaumhverfi

- *Fossvogsskóli verður í fararbroddi í lýðheilsu- og umhverfismálum* segir í framtíðarsýn í stefnumótun skólans. Á undanförunum árum hefur verið lögð sérstök áhersla á umhverfis- og lýðheilsuimál í skólanum og hann fékk nýverið úthlutað Grænfánum í fimmta sinn.
- Í skólanum er starfandi umhverfisráð. Í því sitja fulltrúar nemenda, kennara, stjórnenda, starfsfólks og foreldra. Ráðið hefur sett fram eftirfarandi umhverfismarkmið fyrir skólann:
- Nemendur í Fossvogsskóla hafa flokkað pappír og fernur í tæp 20 ár og verið verðlaunaðir af Sorpu og Fræðslumiðstöð Reykjavíkur fyrir góðan árangur.
- Útikennsla markar einnig sérstöðu skólans. Útikennsla er fastur liður í námi nemenda og kemur fram bæði sem sérstakt viðfangsefni og leið í námi í náttúrufræði og fleiri greinum í öllum árgöngum.
- Markmið í lýðheilsu er m.a. að nemendur hreyfi sig í a.m.k. 60 mínútur á dag, liður í því er að ganga eða hjóla í skólann. Unnið hefur verið að því að kortleggja gönguleiðir og ferðamátanemenda í skólann.
- Skólinn tók á haustdögum þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Meginmarkmið verkefnisins er að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga, hjóla eða fara á annan virkan hátt til og frá skóla.
- Lögð er áhersla á hollt mataræði sem hefur jákvæð áhrif á námsgetu og eykur vellíðan barnanna í skólanum.

- Rýmingaráætlun skólans liggur fyrir og er uppi við í öllum skólastofum. Brunæfing er haldin á hverju hausti.
- Áhættumat fór fram í júní 2007. Samantekt á þáttum sem enn þarfnast úrbóta liggur fyrir við matið, þar á meðal nokkrir þættir sem eru með hátt áhættumat.

Mannauður

Starfsánægja og líðan starfsmanna

- Á undanförunum árum hefur Fossvogsskóli komið vel út í þeim starfsánægjukönnunum sem gerðar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar.
- Í viðhorfakönnun starfsmanna vorið 2009 fékk fullyrðingin „Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“ gildið 4.50 og almennt reyndust viðhorf starfsmanna gagnvart skólanum sem vinnustað mjög jákvæðar.
- Í rýnihópum og viðtölum nú kom fram mikil ánægja með starfsandann, sagt var að fólki líði vel á vinnustaðnum, samskipti og samvinna væri afar góð og umhyggjusemi og vinátta einkenndi samskiptin.
- Í stefnukorti Fossvogsskóla er eitt af meginmarkmiðum í víddinni innra starf: Öflugt samstarf starfsfólks. Í sérstökum kafla er fjallað um samstarfið, þar kemur m.a. fram að mikið er lagt upp úr samstarfi kennara.
- Samstarf starfsfólks er formgert með starfsmannafundum og árgangafundum og fræðslufundum. Í rýnihópum kom fram að almennt telja starfsmenn fundi í skólanum vera að nýtast ágætlega.
- Í tengslum við innleiðingu uppbyggingarstefnunar *Uppeldi til ábyrgðar* gerðu starfsmenn með sér ákveðinn sáttmála um samskipti á vinnustaðnum.
- Í viðhorfakönnuninni 2009 voru tæp 78% svarenda sammála fullyrðingunni „Jafnrétti kynja er virt á mínum vinnustað“ og tæp 81% fullyrðingunni „Það er gætt jafnræðis og jafnréttis gagnvart starfsmönnum á mínum vinnustað“. Á rýnifundum var ekki rætt sérstaklega um kynjajafnrétti og jafnræði.
- Athuga hvort hægt sé að koma til móts við athugasemdir starfsmanna um aðbúnað á vinnustaðnum.

Símenntun og starfsþróun

- Símenntunaráætlun 2010-2011 liggur fyrir við matið. Helstu áherslur hennar eru einstaklingsmiðað nám, byrjendalæsi og endurskoðun á námsmati. Einnig verður haldið áfram með símenntun í tengslum við Olweus og *Uppeldi til ábyrgðar*.
- Áætlunin nær til allra hópa starfsmanna og er tilgangur, tímabil og ábyrgð skilgreind. Uppsetningin er skýr og einnig gerir hún ágætlega grein fyrir leikreglum um símenntun.
- Umræða um símenntun var almennt jákvæð, nefndir voru leshringir og einnig kom fram ánægja með símenntun er tengist innleiðingu skólans á uppbyggingarstefnunni sem allir starfsmenn taka þátt í. Vel var látið af fræðslufundum innan skólans og það kom fram að faglegur metnaður einkenndi starfið.
- Almennri ánægju var lýst með starfsmannasamtöl, en í hópi almennra starfsmanna kom fram að einhver misbrestur væri á því að þeir færu árlega í samtöl.
- Í viðhorfakönnun 2009 voru um 76% starfsmanna sem voru því mjög eða frekar sammála að þeir hefðu fengið tækifæri til símenntunar á undanförunum 12 mánuðum.
- Þá kom einnig fram í könnuninni að 68% svarenda hefðu farið í starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mánuðum.

Viðhorf starfsmanna til stjórnunar

- 80% starfsmanna voru frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu í viðhorfakönnun árið 2009 að skólanum væri vel stjórnað.
- Fullyrðingar er mæla viðhorf gagnvart trausti til yfirmanns og ánægju með samskipti við yfirmann mældust nokkuð jákvæðari í Fossvogsskóla árið 2009 en að meðaltali í grunnskólum.
- Í rýnihópum kom fram að fólk taldi sig almennt fá hrós og endurgjöf frá stjórnendum.
- Það kom fram að stjórnendur væru mjög sýnilegir og auðvelt að hitta á þá.
- Það kom þó fram að stjórnendur mættu vera meira sýnilegir í kennslustundum og fylgjast betur með verkefnum nemenda. Það kom einnig fram að skólastjóri þætti „foreldramiðaður“ og að hann mætti sýna starfsfólki meiri stuðning í erfiðum málum.

Viðvera starfsmanna

- Kennarar voru að meðaltali fjarverandi 5,2 kennsludaga á haustönn 2009.
- Að meðaltali voru aðrir starfsmenn fjarverandi 4,5 daga á haustönn 2009
- Meðaltalsfjarvera kennara og starfsmanna er undir heildarmeðaltali þeirra skóla sem verið hafa í heildarmati.

Fjármál

- Fossvogsskóli skilaði rekstraráætlun fyrir árið 2010 á tilsettum tíma og var hún innan fjárheimilda skólans.
- Útgjöld árið 2009 voru yfir fjárheimildum.
- Gæta þarf að góðri og hagkvæmri nýtingu og stýringu fjármála.

Heimildir

Aðalnámskrá fyrir grunnskóla. 2007.

Hagir og líðan barna í Reykjavík. Fossvogsskóli. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Námsmatsstofnun: <http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa.html>.

Skoðað 25. nóvember 2008.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Fossvogsskóli vorið 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Sjálfsmatskýrsla Fossvogsskóla 2010-2011.

Skýrsla um samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk 2009. Reykjavík. Námsmatsstofnun.

Starfsáætlun Fossvogsskóla skólaárið 2010-2011. Fossvogsskóli.

Starfshættir í grunnskólum. Niðurstöður úr öðrum hluta spurningakönnunar í Fossvogsskóla, júní 2010. (Óútgefnar niðurstöður rannsóknarhóps).

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2010. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Ungt fólk 2009. 5., 6. og 7. bekkur. Hagir og líðan barna á Íslandi, íþrótt- og tómstundaiðja, nám og skóli, samband við fjölskyldu og vini, lestur, miðlar og tækjæign. Reykjavík. Rannsóknir og greining.

Viðhorf foreldra til grunnskólastarfs í Reykjavík. 2010. Fossvogsskóli. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2009. Fossvogsskóli. Reykjavík: Mannauðsskrifstofa.

www.Fossvogsskoli.is

Fylgiskjöl

1. Fossvogsskóli og skólahverfi
2. Matstæki um einstaklingsmiðað nám
3. Viðmið um mat á gæðum kennslustundar
4. Vettvangsathuganir - trúnaðarskjal
5. Gátlisti um skólanámskrá
6. Gátlisti um starfsáætlun
7. Gátlisti um heimasíðu
8. Gátlisti um skólareglur